FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

155. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 4. JÚLÍ 2017



Framkvæmdir á RÚV-reitnum í Efstaleiti í Reykjavík eru í fullum gangi. Um mánaðamótin vísaði úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála kæru frá sem miðaði að því að fella breytingar á deiliskipulagi reitsins úr gildi sem og kæru sem miðaði að því að fá byggingarleyfi fyrir Jaðarleiti 2-8 fellt úr gildi. Breytingarnar snéru að aukningu byggingamagns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Rútufyrirtækin þurfa að skipta um gír

**Framkvæmdastjórar Kynnisferða og Gray Line segja útlit fyrir talsverða hagræðingu hjá rútufyrirtækjum. Dósent í hagfræði segir hærra gengi krónunnar hægja á vexti ferðaþjónustunnar. Hópferðaleyfishöfum fjölgaði um 180 á þremur árum og eru rekstrarleyfi nú 569.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Verð eru farin að lækka skyndilega og tilboð birtast sem eru þannig að erfitt er að skilja hvernig hægt er að reka fyrirtæki á slíku og það verða miklar hræringar í þessu fram á haust og næsta vetur og þá mun einhver hagræðing hafa átt sér stað,“ segir Kristján Daníelsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða, um upplifun sína af áhrifum styrkingar krónunnar á rútufyrirtæki hér á landi.

Alls voru 569 rekstrarleyfi til fólksflutninga í gildi í síðasta mánuði en þau voru 389 í árslok 2014. Samkvæmt tölum sem Samgöngustofa tók saman fyrir Fréttablaðið hefur hópferðaleyfishöfum fjölgað um rétt tæp 59 prósent síðastliðin fimm ár. Líkt og hjá öðrum fyrirtækjum í ferðaþjónustu ógnar nú sterkt gengi krónunnar frekari vexti.

„Þegar hægist á vextinum þarf að eiga sér stað hagræðing og vegna hærra gengis krónunnar finnst mér við einmitt vera á þeim tímapunkti þar sem það er að byrja að gerast,“ segir Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands.

„Hærra gengi virðist vera að hægja á vexti ferðaþjónustunnar. Ferðaþjónustufyrirtæki voru mörg með mjög há verð fyrir og geta ekki velt allri gengishækkuninni áfram en þurfa að vinda ofan af þessu og leita leiða til hagræðingar,“ segir Ásgeir.

> **Þegar hægist á vextinum þarf að eiga sér stað hagræðing og vegna hærra gengis krónunnar finnst mér við einmitt vera á þeim tímapunkti.**
>
> Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði

Kristján tekur fram að hann telji ágætis tíma fram undan í ferðaþjónustu en að fjölgun erlendra ferðamanna hingað til lands hafi verið og verði minni en áætlanir hafi gert ráð fyrir.

„Það eru ákveðin hættumerki varðandi suma hópa ferðamanna sem hafa verið mjög stórir, eins og breski markaðurinn. Þeir hafa verið mjög sterkir sérstaklega í dagsferðum frá Reykjavík,“ segir Kristján.

Framtakssjóðurinn Horn III, sem er að stærstum hluta í eigu íslenskra lífeyrissjóða, keypti í nóvember í fyrra fyrirtækið Hópbíla. Annar framtakssjóður, Akur, sem er einnig að miklu leyti í eigu lífeyrissjóða og fagfjárfesta, keypti sumarið 2015 tæplega helming hlutafjár Iceland Excursions Allrahanda, sérleyfishafa Gray Line á Íslandi. Í báðum tilvikum var við kaup vísað í mikinn vöxt ferðaþjónustunnar.

„Ef krónan verður áfram jafn sterk og hún er núna mun kauphegðun ferðamanna breytast. Það er verðstríð í gangi á þessum helstu ferðamannaseglum og það gengur ekki upp en ég er sannfærð um að það verði mun meiri samþjöppun í ferðaþjónustunni og að það sé nú mjög erfið afkoma hjá mörgum,“ segir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forstjóri Gray Line á Íslandi. – hg

## Halda 30 tónleika á 31 degi vestan hafs

**TÓNLIST** Hljómsveitin Dauðyflin ferðast í dag vestur um haf og ætlar að keyra um Bandaríkin þver og endilöng til að fylgja eftir nýjustu plötu sinni, Ofbeldi, sem kom út í maí síðastliðnum.

Sveitin kemur fram á hvorki meira né minna en 30 tónleikum á 31 degi.

„Við byrjum í Olympia í Washington-ríki og förum síðan ansi vænan hring. Við erum að fara að keyra að meðaltali svona sjö klukkutíma á dag,“ segir Alexandra, söngkona sveitarinnar. Hennar bíður talsverður akstur hvern einasta dag næsta mánuðinn eða svo, en þó harðneitar hún því að þetta sé eitthvert stress. – sþh / sjá síðu 26

## Mátti ekki fara í íshokkí

**FÓTBOLTI** „Ég get ekki kvartað þessa dagana. Sjálfstraustið er mikið þar sem ég er að skora og svo er liðið að vinna leiki,“ segir Cloé Lacasse, framherji ÍBV í Pepsi-deild kvenna.



> Cloé er markahæst í Pepsi-deild kvenna með 11 mörk.

Cloé, sem er að spila sitt þriðja tímabil með Eyjaliðinu, er markahæst í deildinni með ellefu mörk en hlé verður nú gert á deildinni fram yfir EM í Hollandi.

Cloé er frá bænum Sudbury í Ontario í Kanada þar sem búa ríflega 150.000 manns. Spurð hvort þar sé rík fótboltamenning hlær Cloé og er fljót til svars: „Nei, það er íshokkíbær.

Mamma vildi ekki að ég færi í íshokkí því hún sagðist ekki vilja hanga inni í köldum höllum til að horfa á mig spila. Hún vildi vera úti á sumrin og vinna í „taninu“ og þess vegna fór ég í fótbolta,“ segir Cloé og hlær.

Eyjakonur þakka sólbrúnu móður hennar mikið fyrir þessa ákvörðun enda var það líka augljóst frekar snemma að Cloé kynni sitthvað fyrir sér í sportinu. – tom / sjá síðu 12

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Sigurður Ingi Jóhannsson spyr hvort Costco-áhrifin séu vanmetin. 11

**MENNING** Helga Bryndís og Gunnar Kvaran spila í fyrsta sinn saman í kvöld í Sigurjónssafni. 18

**LÍFIÐ** Bloggarinn Lína Birgitta er veik fyrir handtöskum og í uppáhaldi hjá henni núna er fjólublá Gucci-taska. 24



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● BÍLAR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Í dag verður áfram hægur vindur á landinu. Hins vegar verður mikið af skýjum á lofti og spáð er rigningar-skúrum á víð og dreif um landið.
SJÁ SÍÐU 16

# 28 þúsund skoðuðu íslenska list

**MENNING** Tæplega 28 þúsund gestir lögðu leið sína í Listasafn Reykjavíkur í nýliðnum júnímánuði. Er þetta fjölgun um rúm 43% frá sama mánuði í fyrra, segir í tilkynningu frá Listasafninu.

Aðsóknin er mest í Hafnarhús við Tryggvagötu en þangað komu tæplega nítján þúsund gestir í júní 2017 sem er fjölgun um rúm 53% frá árinu áður. Aðsóknin í Ásmundarsafn og á Kjarvalsstaði hefur aukist um tæp 27% miðað við júní í fyrra.



Ragnar Kjartansson listamaður

Viðburðir, leiðsagnir og námskeið tengd sýningunum hafa verið vel sótt það sem af er sumri. Í júlí verða tveir sýningatengdir viðburðir í Hafnarhúsinu, fimmtudagskvöldin 6. og 13. júlí. Bryndís Hafþórsdóttir listfræðingur mun fjalla um íslenska samtímamyndlist í alþjóðlegu samhengi og Tómas Örn Tómasson kvikmyndatökumaður mun fjalla um samstarf sitt við Ragnar Kjartansson í gegnum tíðina. Að auki er boðið upp á leiðsögn bæði á íslensku og ensku í hverri viku um sýningu Ragnars í Hafnarhúsinu, auk leiðsagnar á ensku um sýningu Louisu Matthíasdóttur á Kjarvalsstöðum. **– bb**

**53%**

**aukning var á aðsókn í Hafnarhúsið á milli ára.**

## Vísindamenn framtíðarinnar



**Vísindamenn framtíðarinnar komu saman í gær þegar geimfarinn Charlie Duke hélt skemmti- og fræðsluviðburð fyrir börn í sal Háskólans í Reykjavík. Fullt var út úr dyrum og sýndu krakkarnir geimdótinu sem Duke kom með til landsins mikinn áhuga.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sektir fyrir símanotkun munu snarhækka

**LÖGREGLUMÁL** „Menn mega eiga von á verulegri hækkun,“ sagði Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, við fréttastofu í gær, aðspurður um sektir fyrir notkun á farsímum undir stýri.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vinnur nú að endurskoðun sekta vegna farsímanotkunar undir stýri. Hefur fyrirspurnum fréttastofu vegna málsins ekki verið svarað svo ekki er ljóst hvað breytingarnar fela í sér eða hvenær standi til að þær taki gildi.

Mbl.is greindi frá því að gera megi ráð fyrir að sektin áttfaldist og verði um 40 þúsund krónur. „Strangt til tekið mega menn ekki vera að gera neitt annað undir stýri en að aka bílnum og horfa í kringum sig,“ sagði Ómar í gær. **– þea**




# Bakaranemum fækkar og þeir fá ekki samning

**Nemum í bakaraiðn hefur fækkað á síðustu árum. Ástæðan er einkum sú að erfitt getur reynst að komast á samning hjá meistara. Formaður Samiðnar segir fleiri námsgreinar glíma við vanda af svipuðu tagi eins og til dæmis hárgreiðslu.**

**MENNTUN** Nemum í bakaraiðn hefur snarfækkað og gengur erfiðlega fyrir þá að komast á samning um verknám, segir Ásgeir Þór Tómasson, fagstjóri bakstus í Menntaskólanum í Kópavogi.

Hann segir það mjög sveiflukennt hvað menn hafa verið duglegir að taka að sér nema. „Þetta hefur stjórnast svolítið af því sem hefur verið að gerast á markaðnum,“ segir Ásgeir Þór. Hann segir ýmislegt hafa gerst sem hafi verið óheppilegt fyrir bakarísrekstur. „Haustið 2008 hækkaði hráefnið upp úr öllu valdi og menn héldu að sér höndum. Vildu ekki vera að gera samninga um eitt eða neitt þegar þeir vissu ekki hver staðan yrði. Menn eru ennþá hægt og rólega að byrja að taka nema aftur,“ segir Ásgeir Þór og bætir við að sum bakarí séu að taka einn eða tvo nema á ári en gætu verið með fjóra eða fimm. Hið jákvæða sé að upp á síðkastið hafi nokkrir ungir bakarar sótt sér meistaraleyfi til að geta tekið nemendur á samning.

Ásgeir Þór segir að fyrir fimmtán til tuttugu árum hafi verið í kringum 75 nemendur í iðngreininni víðsvegar um landið. Núna sé fjöldinn kominn niður í 20 eða 25. „Það er því ekki stór hópur af fólki sem er að læra þessa iðn,“ segir hann. Síðan hafi Myllan keypt Samsölubakarí. Bæði þessi bakarí hafi tekið til sín dágóðan fjölda nema en upp á síðkastið hafi Myllan ekki tekið neina nemendur. „Það munar talsvert um það þegar tvö fyrirtæki sameinast í eitt og eru svo ekkert að sinna því að mennta fólk í þessu fagi,“ segir hann.



**Brauð og Co er eitt nýrra bakaría á höfuðborgarsvæðinu. Nýlega opnaði fyrirtækið sölustað í Fákafeni 11 í Reykjavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar, segir fleiri iðngreinar glíma við sama vanda og bakarar. „Það var mjög slæmt ástand upp úr hruni. En það hefur skánað talsvert,“ segir hann. Hann segir ástandið hafa verið erfitt í hárgreiðslu, snyrtifræði og öðrum greinum. „Auðvitað vill maður sjá að að atvinnurekendur séu duglegir við að taka nemana vegna þess að við fáum ekki útlærða iðnaðarmenn nema nemarnir fái nemapláss,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

### Fjöldi þeirra sem fengið hafa leyfisbréf sem bakarar

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2007 | 4 | 2012 | 2 |
| 2008 | 3 | 2013 | 9 |
| 2009 | 9 | 2014 | 6 |
| 2010 | 8 | 2015 | 8 |
| 2011 | 4 | 2016 | 9 |


ŠKODA
NÝ OG SNJALLARI
OCTAVIA KOMIN
Í UMFERÐ
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
NÝ ŠKODA OCTAVIA. EINN VINSÆLASTI FJÖLSKYLDUBÍLLINN.
Octavia hefur sannarlega slegið í gegn hjá þjóðinni sem sést best á því að hann hefur verið einn vinsælasti fjölskyldubíllinn á Íslandi í mörg ár. Nú kynnum við nýja Octaviu með skarpari línur og snjallari aukabúnað en áður. Sem dæmi færðu 8" snertiskjá og LED dagljós sem staðalbúnað. Verðið á líka sinn þátt í vinsældunum. Komdu og prófaðu einn skemmtilegasta bílinn í umferð.
ŠKODA OCTAVIA frá:
3.350.000 kr.
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ
www.skoda.is

## Fjöldi látinna á þriðja hundrað

**PAKISTAN** Tala þeirra sem fórust í eldsvoða í Pakistan í síðustu viku hækkar enn. Er nú talið að rúmlega 200 hafi látið lífið. Fréttastofa breska ríkisútvarpsins greinir frá.

Eldurinn kviknaði eftir að olíuflutningabíll valt á hliðina og lak úr honum olía. Kom fjöldi fólks til að safna saman olíunni.

Talið er að kviknað hafi í olíunni út frá sígarettu vegfaranda með ofangreindum afleiðingum. **– þea**

## Fjórðungi meiri viðskipti en á sama tíma í fyrra

**VIÐSKIPTI** Heildarviðskipti með hlutabréf í Kauphöll Íslands námu 367,9 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Um er að ræða 27 prósenta aukningu milli ára en á sama tímabili árið 2016 námu heildarviðskipti 289,6 milljörðum króna. Á fyrstu sex mánuðum ársins hækkaði gengi úrvalsvísitölunnar um þrjú prósent.

„Ég held að ef eitthvað er, þá sé þetta meira en við áttum von á, miðað við nýskráningar,“ segir Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar. „Þetta er umtalsvert meira en skýrist af nýjum félögum á markaði. Þetta er aukin virkni viðskipta. Ég held að það skipti töluverðu máli þarna aukinn áhugi erlendra aðila. Svo hefur verið gerjun í sumum geirum, nærtækt í olíu- og smásölugeiranum og fasteignamarkaðurinn á fullri ferð.“

Í júnímánuði voru viðskipti mest með bréf Haga, Marels, N1 og Icelandair Group. Í heildina hafa viðskipti verið mest með þau félög auk Reita á árinu.


**Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar**

Magnús segir þróun skuldabréfamarkaðarins ekki ánægjulega. „Þar er eiginlega erlendum fjárfestum haldið frá markaðnum. Það hefur sett mjög mark sitt á veltuna ekki bara í ár heldur líka í fyrra. Veltan á dag er núna og síðustu misseri um fimm milljarða en var fyrir nokkrum árum átta milljarðar. Þetta góða efnahagsástand og aukni áhugi á Íslandi er ekki að sýna sig á skuldabréfamarkaðnum einfaldlega vegna bindingarskyldunnar.“

Magnús segist hafa áhyggjur af hvað bein þátttaka almennings er lítil en heilt yfir hafi þetta verið góður fyrri árshelmingur. **– sg**

# Telur hækkun fasteignagjalda óeðlilega

Stærstu sveitarfélög landsins munu skoða það að koma í veg fyrir hækkun fasteignagjalda um áramótin. Oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík segir hækkanir óeðlilegar. Forseti ASÍ vill ekki hækkanir.



### Fasteignagjöld á Akureyri 2017

**Einbýli**
**32 milljónir kr.**
(lóð metin á 5 milljónir kr.)

**Fasteignaskattur:** 21.600 krónur
**Lóðarleiga:** 25.000 krónur
+ vatnsgjald
+ fráveitugjald
+ sorphirðugjald
**Samtals:** 146.600 krónur + gjald

### Fasteignagjöld á Akureyri 2018*

**Einbýli**
**32 milljónir kr.**
(nú metið á 35,6 milljónir kr.)

**Fasteignaskattur:** 135.000 krónur
**Lóðarleiga:** 28.000 krónur
+ vatnsgjald
+ fráveitugjald
+ sorphirðugjald
**Samtals:** 163.000 krónur + gjald

### Fasteignagjöld í Reykjavík 2017

**Íbúð**
**31,5 milljónir kr.**
(lóð metin á 5 milljónir kr.)

**Fasteignaskattur:** 63.000 krónur
**Lóðarleiga:** 10.000 krónur
+ Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs og gjald vegna endurvinnslustöðva
**Samtals:** 73.000 krónur + gjald

### Fasteignagjöld í Reykjavík 2018*

**Íbúð**
**31,5 milljónir kr.**
(nú metin á 36 milljónir kr.)

**Fasteignaskattur:** 72.000 krónur
**Lóðarleiga:** 11.400 krónur
+ Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs og gjald vegna endurvinnslustöðva
**Samtals** 83.400 krónur + gjald

*Miðað við óbreytta álagningarprósentu sveitarfélaganna

**SKATTAMÁL** Útlit er fyrir að um næstu áramót muni fasteignagjöld hækka umtalsvert vegna hækkunar fasteignamats sem tekur gildi 1. janúar. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, kallar eftir því að sveitarfélög lækki álagningarprósentuna til mótvægis við hækkanir. Í sama streng tekur Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurborg, hann segir þetta sjálfskapað vandamál sveitarfélaganna.

„Þetta eru óeðlilegar hækkanir, það er óeðlilegt að fyrirtæki og heimili þurfi að bera þetta ár eftir ár,“ segir Halldór sem lagði fram tillögu í borgarráði um miðjan júní þess efnis að álagningarprósentan verði lækkuð vegna hækkunar fasteignamats umfram eðlilega verðlagsþróun. Í fundargerð borgarráðs kemur fram að nýtt fasteignamat tekur gildi 1. janúar 2018 þar sem meðalhækkun á höfuðborgarsvæðinu er 14,5 prósent.

„Það hefur ekki verið vilji til lækkunar til þessa. En meirihlutinn felldi allavega ekki þessa tillögu heldur vísaði henni í þessa vinnu þannig að ég ætla bara að vona,“ segir Halldór. „En það má segja að þetta sé heimatilbúinn vandi. Það hefur verið viðvarandi lóðaskortur alveg sama hvað hver segir. Þegar vantar 5.000 íbúðir er það að hluta til vegna lóðaskorts. Lóðaskortur hefur áhrif á hækkunina líka,“ segir Halldór.

Gylfi Arnbjörnsson segist algjörlega hvetja til þess að álagningarprósentan verði lækkuð. „Sveitarfélögin hafa áður með plúsum og mínusum breytt hlutfallinu þannig að skatturinn sem slíkur, það sem fólk borgar, sé ekki að taka óeðlilegum breytingum. Ég tel að það séu allir sem krefjist þess og ég minni á að það eru kosningar á næsta vori. Þetta er eitthvað sem sveitarstjórnarmenn þurfa að íhuga.“

Samkvæmt upplýsingum frá stærstu sveitarfélögum landsins verða mögulegar lækkanir ræddar í tengslum við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaganna í haust. Það getur þó verið vandasamt vegna mismunandi hækkunar milli hverfa.

Akureyri er eitt þeirra sveitarfélaga sem munu skoða málið í haust, en þar er útlit fyrir að fasteignamat hækki um 11,25 prósent, en lóðamat um 12 prósent.

> **Þetta eru óeðlilegar hækkanir, það er óeðlilegt að fyrirtæki og heimili þurfi að bera þetta ár eftir ár.**
> Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið um þróun mála í borginni en benti á S. Björn Blöndal, formann borgarráðs, sem sagði lækkun vera í skoðun. „Við höfum verið að skoða þetta og viðrað skoðanir okkar undanfarin ár. Ég minni á það að við lækkuðum fasteignagjöld árið 2011. Við erum alltaf vakandi fyrir þessu. Við erum með mjög lágt hlutfall af gjöldum miðað við önnur sveitarfélög en fasteignagjöld eru eðlilega hæst hér,“ segir Björn.

> **14,5%**
> **hækkun verður að meðaltali á fasteignamati íbúða í Reykjavík um áramótin.**

Hjá Hafnarfjarðarbæ er gert ráð fyrir því að láta tekjur af fasteignagjöldum hækka í samræmi við hækkun á neysluverðsvísitölu og þar af leiðandi mun álagningarprósentan lækka þar sem fasteignamatið hefur hækkað umtalsvert meira en vísitalan á milli áranna.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir líkt og aðrir bæjarstjórar að málið verði rætt í haust. Þá verði allir tekjupóstar og álagningarpóstar teknir til umræðu. Reykjanesbær hefur staðið frammi fyrir verulegum skuldum og skuldbindingum sem sveitarfélag en hann segist þó ekki geta rætt það hvort svigrúm sé til lækkunar miðað við þær skuldbindingar. „Það er ein hlið málsins sem hefur ekki verið rædd þannig að ég get ekki sagt um það og vil ekki tjá mig um það.“ **saeunn@frettabladid.is**



CITROËN




# NÝR CITROËN C3

**Yfir 25 alþjóðleg verðlaun**
**7" snertiskjár með Mirror Link GSM tengingu**
**Innbyggð myndavél, ConnectedCam™**

C3 LIVE BEINSKIPTUR FRÁ
**1.970.000 KR.**
C3 FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ 2.520.000 KR.

Vindar breytinga blása nú um fjölbreytta bílalínu Citroën. Við kynnum nýjan Citroën C3, einstakan í útliti með stóru 300 lítra skotti og fáanlegur með hinni bráðsnjöllu Airbump hlífðarklæðningu sem verndar fyrir hurðaskellum. Citroën C3 er hljóðlátur, búinn nýjustu kynslóð sparneytinna véla og er fáanlegur með nýrri 6 þrepa undurþýðri sjálfskiptingu sem gerir hann frábærlega skemmtilegan og mjúkan í akstri. Apple Car Play og Mirror Link tæknin, sem er fáanleg í SHINE útfærsluna, gerir þér kleift að spegla helstu forrit snjallsímans eins og t.d Google Maps á 7" snertiskjáinn. Punkturinn yfir i-ið er svo vegmyndavélin ConnectedCam (aukabúnaður) sem gerir þér mögulegt að fanga dýrmæt augnablik á ferðalagi þínu um landið. Komdu. Sýndu þig í Citroën.

International engine of the year awards 2017

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17. Lokað á laugardögum í sumar.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*






## Mannskæður bruni



Að minnsta kosti átján ferðamenn fórust þegar rúta þeirra rakst á vöruflutningabíl með þeim afleiðingum að kviknaði í rútunni. Var rútan stödd nærri Münchenberg í Bæjaralandi Þýskalands. Þá særðust þrjátíu til viðbótar í slysinu. Að sögn Joachims Herrmann, innanríkisráðherra Bæjaralands, tafðist björgunarlið vegna fólks sem keyrði löturhægt fram hjá flaki rútunnar til þess að berja það augum. NORDICPHOTOS/AFP

# Gefur skólunum færi á að bregðast fyrr við

**Niðurstöður nýrra lesfimiprófa verða kynntar opinberlega í næsta mánuði. Skólastjóri Seljaskóla er jákvæður og segir prófin gefa færi á að hlutast fyrr til þegar börn eiga í vanda. Skólastjóri Glerárskóla segir mikið verk að leggja prófin fyrir.**

**MENNTUN** „Þetta próf mun færa okkur möguleika á því að veita snemmbúna íhlutun fyrr,“ segir Magnús Þór Jónsson, skólastjóri Seljaskóla. Svokallaður lesferill, sem er próf sem metur lesfimi grunnskólanema, var lagður fyrir í 1. til 10. bekk grunnskóla í fyrsta sinn í vetur. Niðurstöður prófanna verða gerðar opinberar í næsta mánuði. Skólastjórar og kennarar í skólunum fengu hins vegar niðurstöðurnar í júní.

Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, segir 93 prósent af skólunum hafa nýtt sér prófið og það hafi í heild verið lagt fyrir 75 prósent nemenda. „Við höfum ekki fengið neitt nema jákvæð viðbrögð við þessu,“ segir Arnór um viðbrögð skólastjóra og nemenda.

„Lesferillinn er lagður fyrir í hverjum árgangi og niðurstöðurnar eru mjög misjafnar, en heilt yfir ber ég vonir til þess að þetta verði til góðs til lengri tíma litið. Þetta muni skila okkur betri niðurstöðum,“ segir skólastjóri Seljaskóla.

**»93 prósent af skólunum nýttu sér prófið og var það lagt fyrir 75 prósent nemenda.**

Elín Elísabet Magnúsdóttir, starfandi skólastjóri í Glerárskóla á Akureyri, segir að það hafi verið talsverð vinna að leggja prófið fyrir en þrátt fyrir það hafi gengið ágætlega. „Það tekur alltaf einhvern tíma að koma svona prófum á og þetta var talsvert handtak,“ segir Elín Elísabet en vill taka sér tíma til að meta reynsluna. „Mér finnst ekki endilega hægt að meta það eftir eitt ár,“ segir hún. jonhakon@frettabladid.is

### Slæm niðurstaða úr PISA

Lesferill er nýtt matstæki sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis, svo sem lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Hafist var handa við að vinna þessi próf í október 2015 þegar læsisteymi Menntamálastofnunar hóf störf. Læsisteymið var stofnað eftir að niðurstöður PISA könnunar voru gefnar út árið 2013 sem sýndu að hlutfall 15 ára íslenskra nemenda sem ekki geta lesið sér til gagns hafði hækkað úr 15 prósentum árið 2000 í 21 prósent árið 2012. Niðurstaða íslenskra nemenda var fyrir neðan meðaltal í könnuninni.

# AEG

# TILBOÐSDAGAR

## 25% afsláttur

### af öllum AEG vörum í nokkra daga




AEG 90 ÁR HJÁ ORMSSON 1927-2017

**Opnunartímar:**
Virka daga kl. 10-18
Lokað laugardaga í sumar

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun ORMSSON.IS

95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |




**Farið er fram á að hætt verði að fjármagna Al Jazeera.** NORDICPHOTOS/AFP

## Katarar fá gálgafrest

**KATAR** Sádi-Arabía, auk þriggja annarra Arabaríkja, framlengdi í gær frestinn sem Katarar hafa til þess að svara þrettán kröfum ríkjanna um breytingar á stjórnarháttum. Fresturinn átti að renna út í gær en var framlengdur um tvo sólarhringa.

Ef Katarar mæta ekki kröfum ríkjanna mun viðskiptaþvingunum þeirra gegn ríkinu ekki verða aflétt en ríkin fjögur telja Katara fjármagna hryðjuverkastarfsemi.

Hafa Katarar ekki svarað kröfunum en utanríkisráðherrann, Mohammed bin Abdul Rahman al-Thani, hefur kallað þær brot gegn alþjóðalögum. „Kröfurnar minna á öfgafullan og refsigjarnan hrotta,“ hefur al-Thani sagt.

Á meðal þeirra krafa sem um ræðir er að Katarar skuli skera á allar fjárveitingar til Al Jazeera-fréttastöðvarinnar, að skera á tengsl við Bræðralag múslima og að hætta að fjármagna samtök sem Bandaríkin hafa sett á lista yfir hryðjuverkasamtök. **– þea**

# Meintir einræðistilburðir Macron

**Forseti Frakklands vill fækka þingmönnum. Stjórnarandstæðingar saka Macron um einræðistilburði. Fjölmiðlar líkja Macron við rómverska goðið Júpíter. Forsetinn nýtur stuðnings 64 prósenta Frakka.**

**FRAKKLAND** „Macron fer yfir strikið og reynir, líkt og einhvers konar faraó, að koma á einræði forseta,“ sagði Jean-Luc Mélenchon, formaður sósíalistaflokksins Óbeygt Frakkland, um Emmanuel Macron Frakklandsforseta í gær.

Flokkur Mélenchon var einn þriggja sem sniðgengu stefnuræðu Macron í Versalahöll í gær. Þá var Mélenchon einnig einn mótframbjóðenda Macron í forsetakosningunum. Fékk hann tæp 20 prósent atkvæða.

Macron lagði í gær til að þingmönnum Frakklands yrði fækkað um þriðjung. Yrðu þannig 385 í fulltrúadeildinni í stað 577 og 232 í öldungadeildinni í stað 348. „Þannig munum við gera ríkisstjórnina skilvirkari og koma Frakklandi á nýja og róttæka leið,“ sagði forsetinn.

Í ljósi úrslita forsetakosninganna sem og þingmeirihlutans sem bandamenn forsetans fengu í nýliðnum þingkosningum sagðist forsetinn telja sig hafa umboð til að gera róttækar breytingar á frönsku stjórnkerfi. Sagði hann að ef þingið myndi ekki samþykkja ofangreindar breytingar innan árs myndi forsetinn efna til þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Hingað til hefur verklag verið ofar niðurstöðum, reglur ofar frumkvæði og það að sjúga spena skattgreiðenda verið ofar sanngirni,“ sagði Macron og bætti því við að hann myndi endurreisa virðingu Frakklands.



**Emmanuel Macron Frakklandsforseti, eða Júpíter eins og hann er gjarnan kallaður í frönskum fjölmiðlum, hélt ræðu í Versölum í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

Fækkun þingmanna er þó ekki eina málið sem Macron setti á dagskrá í gær. Ætlar hann einnig að breyta kosningakerfi landsins með það að markmiði að fjöldi kjörinna þingmanna endurspegli betur skoðanir almennings. Þá ætlar Macron að aflétta neyðarástandinu sem ríkt hefur í landinu frá hryðjuverkaárásunum í París í síðasta lagi í haust.

Mélenchon var einkar harðorður í garð forsetans í gær. Auk þess sem áður segir líkti hann Macron við Napóleon Bónaparte í Facebook-færslu sinni.

Fleiri eru þó ósáttir við forsetann en Mélenchon. Á forsíðu franska fréttablaðsins Libération í gær mátti sjá Macron í líki rómverska goðsins Júpíters þar sem hann handlék eldingar. Lýsti blaðið áhyggjum sínum af því að fundur Macron í Versölum væri nýjasta dæmið um alræðishyggjuna sem byggi innra með forsetanum.

Hefur valið á fundarstað einnig verið gagnrýnt. Macron er þó ekki fyrsti forsetinn til að kalla þing saman í Versölum, höll Loðvíks fjórtánda Frakklandskonungs. Gerði François Hollande slíkt hið sama eftir hryðjuverkin í París og þá gerði Nicolas Sarkozy það árið 2009.

Politico greinir frá því að hinn svokallaði Júpítersstíll forsetans gangi út á að stýra ríkinu af mikilli festu. Þannig hafi hann minnkað samskipti sín við fjölmiðla til muna frá því hann tók við. „Frakkar eru hrifnir af þessum Júpítersstíl en þeir búast samt við því að Júpíter stigi niður af himnum þegar þess gerist þörf,“ sagði fyrrverandi aðstoðarmaður Macron í samtali við Politico.

Svo virðist sem aðstoðarmaðurinn hafi rétt fyrir sér. Ef marka má könnun Reuters frá því í lok júní nýtur Macron stuðnings 64 prósenta Frakka.

Skýrt dæmi um stjórnunarstíl Macron má sjá í frétt Le Monde um að Macron hyggist ekki halda blaðamannafund á Bastilludaginn, eins og hefð er fyrir að forsetar geri. Vitnaði blaðið til heimildarmanna sem sögðu Macron ekki vilja halda blaðamannafund þar sem þankagangur hans væri of flókinn fyrir fjölmiðla. **thorgnyr@frettabladid.is**



# HEXA HLJÓÐDEMPANDI SÓFAEININGAR

**Einstaklega fallegir og hljóðdempandi sófar. Henta sérstaklega vel í opin vinnurými, stóra sali og í móttökuna. Hexa sófarnir koma í fjölmörgum útfærslum og áklæðum.**




MYNDFORM GRAFÍK

Þið finnið okkur á Facebook

**Hirzlan**

GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

# Gegn einsleitni



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Flestir sem tilheyra svokallaðri viðskiptaelítu á höfuðborgarsvæðinu eru búsettir á Seltjarnarnesi og í Garðabæ samkvæmt úttekt fjögurra íslenskra fræðimanna við Háskóla Íslands sem birtist í síðustu viku.

Það sem fræðimennirnir kalla viðskiptaelítu eru framkvæmdastjórar í íslenskum fyrirtækjum. Í grein um úttektina, sem birtist í tímaritinu Stjórnmál og stjórnsýsla, kemur fram að í póstnúmerunum 210 Garðabær og 170 Seltjarnarnes búa 2,5 sinnum fleiri einstaklingar í viðskiptaelítunni en vænta hefði mátt út frá íbúafjölda. „Einsleitnin í vali á búsetu viðskipta- og atvinnulífselítunnar endurspeglar þannig tiltekinn tekjuójöfnuð í samfélaginu, jafnvel einnig sameiginlegt gildismat á því hvar sé æskilegt að búa, og gefur þannig til kynna að elítan sé ekki endilega þverskurður af íslensku þjóðinni," segir í greininni. Höfundarnir telja að niðurstöðurnar bendi til þess að íslenska þjóðfélagið sé lagskipt og að gjá sé á milli elítunnar og almennings.

Ekkert í greininni sjálfri styður að búsetueinsleitnin sem er til staðar ýti undir ójöfnuð og að sama skapi sér þess ekki stað að búsetueinsleitnin ein og sér skapi tiltekna gjá á milli viðskiptaelítunnar og hinna. Búsetueinsleitni dregur hins vegar úr félagslegum hreyfanleika í samfélaginu.

Sveitarfélög geta spornað gegn búsetueinsleitni með því að skipuleggja hverfi með blandaðri byggð. Með skipulagi sem gerir ráð fyrir litlum og meðalstórum íbúðum og með úthlutun lóða til leigufélaga og búseturéttarfélaga. Flest sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa reynt að gera þetta upp að einhverju marki þótt viðleitni þeirra í þessa veru sé misjöfn. Að þessu sögðu er hins vegar ljóst að ákveðinn hluti tekjuhærri hópanna vill búa í hverfum með öðrum í sömu stöðu. Þess vegna er búsetueinsleitni til staðar í öllum vestrænum samfélögum. Ríkt fólk vill búa innan um annað ríkt fólk. Þetta fólk þarf hins vegar að velta fyrir sér hvers konar gildi það vill að börn þess tileinki sér.

Hver verða gildi manneskju sem býr við allsnægtir, þarf aldrei að hafa fyrir nokkrum sköpuðum hlut og elst upp í hverfi með börnum í sömu stöðu? Manneskjan er summan af samanlagðri reynslu. Það sem mótar karakter fólks eru atburðir á lífsleiðinni sem marka djúp spor. Persónulegt mótlæti og erfiðleikar herða einstaklinginn. Að kynnast fólki með fjölbreyttan bakgrunn og af stöðu ólíkri þeirri sem maður er sjálfur í stuðlar að víðsýni og dýpkar skilning á misjafnri stöðu ólíkra þjóðfélagshópa. Einstaklingur sem er vafinn inn í bómull allt sitt líf hefur ekki öðlast þá reynslu sem er nauðsynleg til þess að geta sett sig í spor annarra. Geta viðkomandi til að glíma við raunverulegt mótlæti sem fullorðin manneskja er jafnframt stórlega skert samanborið við þann sem er mótaður af fjölbreyttri reynslu.

Sveitarfélög ættu að sporna gegn búsetueinsleitni og reyna að stuðla að menningarlegri fjölbreytni. Einstaklingurinn getur líka axlað ábyrgð með ákvörðun um búsetu. Hann getur ákveðið að styðja fjölbreytni en hafna einsleitni.

> **Einstaklingur sem er vafinn inn í bómull allt sitt líf hefur ekki öðlast þá reynslu sem er nauðsynleg til þess að geta sett sig í spor annarra.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Birting álagningarskrár**
**Ungir Sjálfstæðismenn hafa lengi barist fyrir því að komið verði í veg fyrir að upplýsingar úr álagningarskrá séu gerðar opinberar. En í sautján ára samfelldri valdatíð Sjálfstæðisflokksins fyrir hrun höfðu þeir ekki erindi sem erfiði í baráttu sinni. Núna eftir að Bjarni Benediktsson hefur setið á ráðherrastól samfleytt í fjögur ár hefur heldur ekkert gerst. Sennilegast hafa fáir hagnast eins vel á skattupplýsingunum og núverandi fjármálaráðherra og fyrrverandi útgefandi Frjálsrar verslunar, Benedikt Jóhannesson. Það er því varla mikill áhugi á því á þeim bænum að hætta að birta upplýsingarnar.**

**Hlutverk Steinda**
**Það vakti athygli í gær að Ólafur Darri Ólafsson og Ingvar E. Sigurðsson hafa landað hlutverkum í framhaldsmyndinni Fantastic Beasts and Where to Find Them. Báðir hafa þeir Ingvar og Ólafur Darri leikið áður í Hollywood-myndum með ágætum árangri. Það vakti líka athygli, en þó ekki eins mikla, að heimildarmynd um Guðmundar- og Geirfinnsmálið fór í sýningar á Netflix í vikunni. Þar er íslenski leikarinn Steindi í hlutverki Geirfinns. Spennandi hlutverk – en hvort það markar upphafið að heimsfrægð Steinda verður að koma í ljós.**

**jonhakon@frettablaðið.is**

# Skattsvikin og þjóðmálaumræðan



**Bolli Héðinsson**
hagfræðingur

Fjármálaráðherra setur á laggirnar starfshóp til að koma með hugmyndir um hvernig draga megi úr skattsvikum. Þar er tekið á afar brýnum viðfangsefnum sem varða þjóðina alla, t.d. um milliverðlagningu móður- og dótturfélaga og útborgun launa inn á bankareikninga. Meðal tillagna nefndarinnar er einnig stungið upp á að draga úr notkun reiðufjár með því að taka stærri bankaseðla úr notkun. Allt í einu snýst hin mikilvæga umræða um skattsvik um þetta eina atriði. Aftur og aftur verðum við vitni að því hversu mikill sannleikur er fólginn í orðum Nóbelskáldsins um að Íslendingar *„... leysi vandræði sín með því að stunda orðheingilshátt og deila um titlingaskít sem ekki kemur málinu við; en verði skelfingu lostnir og setji hljóða hvenær sem komið er að kjarna máls."*

Í samræmi við þessi orð skáldsins þá vitum við að í haust verður lögð fram tillaga á Alþingi um að afnema einkasölu ríkisins á áfengi. Öll þjóðmálaumræða næsta vetrar mun snúast um þessa tillögu en ekkert um brýn úrlausnarefni stjórnvalda. Hvers vegna að ræða mál eins og t.d. hlutdeild þjóðarinnar í auðlindaarðinum þegar hægt er að ræða brennivín í búðir?

Auðvitað er það aðeins tímaspursmál hvenær seðlar og mynt leggjast af og öll greiðslumiðlun verður rafræn. Skýrsla starfshópsins breytir engu um það. Hvað muna margir eftir hinu algenga greiðsluformi ávísun? Það er ekki svo langt síðan að flestir gengu með tékkhefti á sér og til mikilla framfara horfði þegar búðarkassarnir prentuðu á tékkana fyrir kúnnann.

Í skýrslunni til fjármálaráðherra er einnig tekið undir mikilvægi þess að þjóðinni sé séð fyrir greiðslumiðlun sem þjónusti almenning og kortanotkunin verði almenningi að kostnaðarlausu. Þessi hugmynd er ekki ný af nálinni og mikilvægt að hið opinbera líti á greiðslumiðlun eins og hverja aðra þjónustu sem almenningi standi til boða líkt og gildir um aðra mikilvæga innviði samfélagsins án þess að vera ofurseldur einkafyrirtækjum á þessu sviði. Í þeim efnum er ekki eftir neinu að bíða.

> **Auðvitað er það aðeins tímaspursmál hvenær seðlar og mynt leggjast af og öll greiðslumiðlun verður rafræn. Skýrsla starfshópsins breytir engu um það.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Vanmetin Costco-áhrif?



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
alþingismaður og formaður Framsóknarflokksins

Það var fagnaðarefni þegar samkeppnisumhverfið í smásölu tók stórt stökk fram á við til hins betra með tilkomu Costco, enda láta viðbrögðin ekki á sér standa. Neytendur bera saman verð og gæði á síðum samfélagsmiðlanna og verðvitund þeirra eykst í kjölfarið.

Því setur það óneitanlega að manni ugg að sjá ummæli forstjóra N1 sem hefur ekki miklar áhyggjur af innkomu Costco á eldsneytismarkaðinn. Þar á bæ spá menn því að jafnvægi verði aftur komið á markaðinn áður en langt um líður, þegar nýjabrumið verður runnið af neytendum og allt verður fallið í sama farið aftur, eins og ekkert hafi í skorist.

Er lækkandi vöruverð tímabundinn sumarsmellur sem rennur sitt skeið á enda? Má skilja þessi ummæli sem svo að smásalinn ætli að bregðast neytendum og heimilunum í landinu sem sjá nú fram á lækkandi vöruverð og aukinn kaupmátt samhliða aukinni samkeppni?

Fram hefur komið að álagning verslana og/eða vöruverð er hærra hér á landi en almennt gerist í nágrannalöndum okkar og hefur Samkeppniseftirlitið bent á þá staðreynd. Fákeppni og samþjöppun hafa hamlað heilbrigðri samkeppni og eru neytendur berskjaldaðir gagnvart stærð ráðandi aðila.

**Sú staðreynd liggur fyrir að fleiri heimili í landinu eru nú að upplifa lægra vöruverð. Komið hefur í ljós að hægt er að bjóða upp á sambærilegt verð hér á landi og í nágrannalöndum okkar, sé viljinn fyrir hendi.**

Þá er samkeppnismenningin enn að slíta barnsskónum og hugarfar þeirra sem stýra vöruverði snýst öðru fremur um skammtímasjónarmið. Vöruverð hefur t.d. ekki lækkað í takt við styrkingu krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum og er það miður. Enda kom það á daginn að eftir að alþjóðleg samkeppni var orðin staðreynd, tók verslunin skyndilega við sér og fór í róttækar hagræðingaraðgerðir til að mjaka vöruverðinu eilítið niður á við.

Hingað til hafa neytendur haft takmarkað val, á mörgum sviðum, um gæði og úrval. Virk samkeppni skiptir því öllu og er gríðarlega mikilvæg fyrir heimilin í landinu, efnahagslegan vöxt hagkerfisins og ekki síst fyrir verslunina sjálfa. Neytendur hafa val um vöru og verð og eru því virkir þátttakendur í samkeppnisumhverfinu. Aðhald frá þeim er mikilvægasta vopnið í baráttunni við að bæta samkeppnismenninguna svo vöruverð verði sambærilegt og í nágrannalöndum okkar.

**Tækifærið rann þeim úr greipum**

Verslunin fékk tækifæri til að lækka verð án þess að það kæmi niður á álagningunni hjá þeim sem eiga í hlut. Í tíð síðustu ríkisstjórnar voru skattar lækkaðir, vörugjöld afnumin, tollar felldir niður og tollar lækkaðir af landbúnaðarvörum til að örva samkeppni. Aðgerðirnar sem verslunin kallaði sjálf eftir skiluðu sér ekki að fullu til heimilanna en þess í stað virðist sem þær hafi fyrst og fremst skilað sér í hærri álagningu heildsala og verslunar.

Þá kemur of mikil samþjöppun niður á greininni sjálfri. Framleiðni minnkar, óhagræði eykst, vöruverð hækkar og hvatar til nýsköpunar minnka. Smærri smásalar eiga erfiðara um vik að hasla sér völl á markaðnum því þeir þurfa að borga mun hærra verð en stærri verslanakeðjur og er skýringin ekki alltaf rakin til magninnkaupa.

Það var á sínum tíma óskiljanlegt að Samkeppniseftirlitið heimilaði að til væri einn risi á smásölu- og heildsölumarkaði sem nú heitir Hagar. Launakjör stjórnenda og hagnaður risans síðustu ár benda til fákeppni og að neytendur hafi greitt óhóflega hátt verð. Það er vonandi að leikreglurnar séu að breytast.

Sú staðreynd liggur fyrir að fleiri heimili í landinu eru nú að upplifa lægra vöruverð. Komið hefur í ljós að hægt er að bjóða upp á sambærilegt verð hér á landi og í nágrannalöndum okkar, sé viljinn fyrir hendi. Hver vill ekki sanngjarna skiptingu á milli neytenda og seljanda sem styður við skilvirkni á markaðnum og betri lífskjör til lengri tíma?






## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Breiðablik - FH 1-2**

0-1 Kristján Flóki Finnbogason (14.), 1-1 Gísli Eyjólfsson (63.), 1-2 Kristján Flóki Finnbogason (67.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Valur | 9 | 6 | 2 | 1 | 15-8 | 20 |
| Grindavík | 9 | 5 | 3 | 1 | 14-10 | 18 |
| FH | 10 | 4 | 5 | 1 | 19-13 | 17 |
| Stjarnan | 9 | 4 | 2 | 3 | 19-14 | 14 |
| Víkingur R. | 9 | 4 | 2 | 3 | 15-13 | 14 |
| KA | 9 | 3 | 3 | 3 | 16-12 | 12 |
| KR | 9 | 3 | 2 | 4 | 13-15 | 11 |
| Breiðablik | 10 | 3 | 2 | 5 | 13-17 | 11 |
| ÍBV | 9 | 3 | 1 | 5 | 10-16 | 10 |
| Fjölnir | 9 | 2 | 3 | 4 | 8-13 | 9 |
| ÍA | 9 | 2 | 2 | 5 | 18-20 | 8 |
| Víkingur Ó. | 9 | 2 | 1 | 6 | 9-18 | 7 |

**Borgunarbikar karla**

**Leiknir R. - ÍA 2-1**

1-0 Arnór Snær Guðmundsson, sjálfsmark (24.), 1-1 Garðar Gunnlaugsson (61.), 2-1 Elvar Páll Sigurðsson (96.).

Dregið verður til undanúrslita karla og kvenna í dag. Í pottinum hjá körlunum eru FH, Stjarnan, ÍBV og Leiknir R. en hjá konunum eru ÍBV, Stjarnan, Grindavík og Valur. Fylgst verður með drættinum í beinni textalýsingu á Vísi.

**Inkasso-deildin**

**Þróttur - Fylkir 1-0**

1-0 Viktor Jónsson (1.)

## Bikarævintýri í Breiðholti



**Leiknismenn áfram** Leiknir sló ÍA úr leik, 2-1, í framlengdum leik í Borgunarbikarnum í gær og verður í hattinum þegar dregið verður í dag. Hér eru Garðar Gunnlaugsson, ÍA, og Leiknismaðurinn Kristján Páll Jónsson í skallaeinvígi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





Full búð af nýjum vörum!

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918


# Mátti ekki fara í íshokkí

**Cloé Lacasse er markahæsti leikmaður Pepsi-deildar kvenna. Kanadíski framherjinn fór í fótbolta því móðir hennar vildi frekar sólbrúnku en kaldar hallir.**

**FÓTBOLTI** „Ég get ekki kvartað þessa dagana. Sjálfstraustið er mikið þar sem ég er að skora og svo er liðið að vinna leiki,“ segir Cloé Lacasse, framherji ÍBV í Pepsi-deild kvenna, glaðbeitt en þessi 24 ára gamli kanadíski leikmaður hefur verið óstöðvandi síðustu vikur.

Lacasse, sem er að spila sitt þriðja tímabil með Eyjaliðinu, er markahæst í deildinni með ellefu mörk en hlé verður nú gert á deildinni fram yfir EM í Hollandi. ÍBV er þess utan búið að vinna fimm leiki í röð.

„Þetta er allt að smella hjá okkur í nýja leikkerfinu. Það hentar liðinu mjög vel. Það eru líka margir að skora þannig það er erfitt að verjast okkur. Við þekkjum betur inn á okkar styrkleika og veikleika og það hjálpar okkur að ná markmiðum okkar sem eru að vinna titilinn,“ segir Cloé sem er búin að skora 31 mark í 46 deildarleikjum fyrir ÍBV.

**Mamma vildi „tana“**

Clóe er frá bænum Sudbury í Ontario í Kanada þar sem búa ríflega 150.000 manns. Aðspurð hvort þar sé rík fótboltamenning hlær Cloé og er fljót til svars: „Nei, það er íshokkíbær.“

Auðvitað. En ekki hvað? Fá lönd elska íshokkí meira en Kanada en það er þjóðarsportið þar í landi. Hvernig endaði Cloé, frá þessum mikla hokkíbæ, þá í fótbolta?

„Mamma vildi ekki að ég færi í íshokkí því hún sagðist ekki vilja hanga inni í köldum höllum til að horfa á mig spila. Hún vildi vera úti á sumrin og vinna í „taninu“ og þess vegna fór ég í fótbolta,“ segir Cloé og hlær.

Eyjakonur þakka sólbrúnu móður hennar mikið fyrir þessa ákvörðun enda var það líka augljóst frekar snemma að Cloé kynni sitthvað fyrir sér í sportinu.

„Ég var fljótlega komin í sterkt lið í bænum mínum sem er með ansi góð lið og þegar ég fór að fá meiri athygli komst í ég lið í Toronto. Ég komst svo í háskóla í Iowa sem var alveg frábært. Þar æfðum við við bestu aðstæður og maður fékk allt sem maður vildi,“ segir Cloé sem var stigahæsti (mörk plús stoðsendingar) leikmaður skólans síns öll fjögur árin sem hún spilaði þar.

**Evrópa frekar en Ameríka**

Cloé stóð sig svo vel í háskólaboltanum að hún fékk boð um að halda áfram að spila vestanhafs sem atvinnumaður. Hún kaus frekar að fara til Íslands að spila.

„Ég fékk boð frá Bandaríkjunum og líka liðum frá öðrum löndum í Evrópu en mér fannst þetta henta mér. Ég vildi alltaf komast eitthvað burt og nýta fótboltann til að upplifa eitthvað annað og meira,“ segir Cloé sem nýtur lífsins í Vestmannaeyjum.

„Það er alveg æðislegt að vera hérna og fólkið er svo gott. Eyjan og þetta land í heildina er ótrúlega fallegt allt saman,“ segir hún en er ekkert erfitt fyrir einhvern sem hefur búið í Kanada og Bandaríkjunum að aðlagast lífinu í Eyjum?

„Það getur alveg verið erfitt að sumu leyti en þetta er bara minni Reykjavík. Í Reykjavík er endalaust af kaffihúsum en við erum með fjögur. Það er bara allt aðeins minna í sniðum. Það er erfiðara að fela sig ef maður vill ekki hitta neinn því hér þekkja allir alla.“

> Ég vildi alltaf komast eitthvað burt og nýta fótboltann til að upplifa eitthvað annað og meira.
>
> Cloé Lacasse



**Slógust í fyrra – vinkonur í dag**

Cloé er ekki þekkt fyrir mikinn æsing á vellinum en upp úr sauð hjá henni og Rut Kristjánsdóttur, leikmanni Fylkis, í Árbænum á síðustu leiktíð. Þær stöllurnar bókstaflega slógust á miðjum vellinum. Það vakti því óneitanlega athygli þegar Rut var fengin til Eyja fyrir sumarið.

„Ég vissi að einhver myndi spyrja um þetta á endanum,“ segir Cloé og hlær dátt. „Mér var ekkert sagt af þessu fyrr en ég mætti aftur til Íslands og var að fara að spila æfingaleik. Þá var mér sagt að mér gæti aðeins brugðið þegar ég kæmi inn í klefann því þar var Rut. Ég vissi því bara af því að hún væri komin í ÍBV rétt áður en ég labbaði inn í klefann,“ segir hún en þær voru fljótar að klára málið og eru vinkonur í dag.

„Ég heilsaði Rut en hún var eitthvað sein til svars til að byrja með. Síðan ræddum við þetta og í dag erum við bestu vinkonur og hlæjum reglulega að þessu öllu saman,“ segir Cloé Lacasse. tomas@365.is


GÓÐ VERÐ
Í JÚLÍ
Iceland
FLORIDANA
SAFI - 3 TEGUNDIR
330 ML
129
KR/STK
391 KR/L
MOUNTAIN
DEW
500 ML
99
KR/STK
198 KR/L
ALPEN
BARS
145 G
199
KR/STK
1372 KR/KG
MARYLAND
COOKIES
145 GR
99
KR/STK
683 KR/KG
CULT
RAW
500 ML
199
KR/STK
398 KR/L
LAMBI
WC
HVÍTUR 12 STK.
699
58 KR/STK
CULT
RAW
250 ML
149
KR/STK
569 KR/L
COKE
ZERO & LIGHT
500 ML
129
KR/STK
258 KR/L
CLOETTA
FLIPPER MINI
120 GR
249
KR/STK
2075 KR/KG
KNORR
SNACK POT
3 TEG.
229
KR/STK
3226-3470 KR/KG
KEXSMIÐJAN
MÖFFINS 2 TEG.
320 GR
499
KR/STK
1559 KR/KG
KATLA
SÚKKULAÐIKAKA
500 GR
249
KR/STK
498 KR/KG
TOPPUR
KOLSYRÐUR
500 ML
99
KR/STK
198 KR/L
OPIÐ
24
TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN ICELAND,
ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

## Skarphéðinn Valdimarsson

Sóltúni 9,

verður jarðsunginn frá Áskirkju fimmtudaginn 6. júlí kl. 15.

**Hildur Ágústsdóttir**
**Ragna Dúfa Skarphéðinsdóttir Guðmundur Kjalar Jónsson**
**Ágúst Skarphéðinsson**
**Jóhann Þröstur Skarphéðinsson**
**afabörn og langafabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

## Jóhanna Guðjónsdóttir

sjúkraliði,
frá Reykjum, Vestmannaeyjum,
Strikinu 8, Garðabæ,

lést mánudaginn 26. júní. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 6. júlí klukkan 13.

**Vigdís Victorsdóttir Sigurður Þorvarðarson**
**Lilja Dóra Victorsdóttir Halldór V. Frímannsson**
**Bergþóra Victorsdóttir Ævar Valgeirsson**
**Guðjón Þór Victorsson Aðalbjörg Benediktsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

## Kjartan Óskarsson

Egilsbraut 19, Þorlákshöfn,

lést 21. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug.

**Sigfríður Óskarsdóttir**
**Guðbjörg Ósk Kjartansd. Markús Örn Haraldsson**
**Sigríður Kjartansdóttir Gestur Áskelsson**
**Jensína Kjartansdóttir Þorsteinn Ægir Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*



Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




*Lögfræðiþjónusta*

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is.
Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Útfarar- og lögfræðiþjónusta
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

## Jón Sveinsson

Reyni í Mýrdal, til heimilis að Klausturhólum Kirkjubæjarklaustri,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands Selfossi, laugardaginn 1. júlí sl.
Útförin fer fram frá Reyniskirkju í Mýrdal laugardaginn 8. júlí kl. 14.00.

**Erla Pálsdóttir**
**Páll Jónsson M. Sigríður Jakobsdóttir**
**Margrét Jónsdóttir Sigurjón Árnason**
**Sigurlaug Jónsdóttir Ólafur Helgason**
**Sveinn Jónsson Jóna Svava Karlsdóttir**
**Jónatan G. Jónsson Valgerður Guðjónsdóttir**
**Guðrún Jónsdóttir Jón E. Einarsson**
**Einar Jónsson Ágústa Bárðardóttir**
**Guðbjörg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

## Sigríður Þorsteinsdóttir,

Sísí

snyrtifræðingur,
Strikinu 8, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 29. júní. Útförin verður gerð frá Háteigskirkju, föstudaginn 7. júlí, kl. 13.00.

**Ágústa Arna Grétarsdóttir Jón Benediktsson**
**Kristján M. Grétarsson Guðný Hansdóttir**
**Inga Hrönn Grétarsdóttir Ari Björnsson**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, amma og tengdamóðir,

## Drífa Vermundsdóttir

Lækjarhjalla 34, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 29. júní.
Útförin fer fram frá Digraneskirkju, föstudaginn 7. júlí kl. 13.00.

**Elías Björn Angantýsson**
**Sara Elíasdóttir Valgeir Bergmann Magnússon**
**Sigrún Edda Elíasdóttir Baldur Snorrason**
**Margrét Elíasdóttir Helgi Már Björnsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

## Flosi Hrafn Sigurðsson

veðurfræðingur,

lést að morgni 30. júní 2017.
Útför hans verður gerð frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 7. júlí kl. 15 síðdegis.

**Hulda Sigfúsdóttir**
**Ágústa Lyons Flosadóttir John Lyons**
**Sigurður Flosason Vilborg Anna Björnsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkæri eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, bróðir og afi,

## Björgvin Jóhann Jóhannsson

húsasmíðameistari,

lést 26. júní sl. á Landspítalanum.
Útförin fer fram í Fossvogskirkju, föstudaginn 7. júlí nk. kl. 11.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið, endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda.

**Sigríður Þórsdóttir**
**Þorsteinn Björgvinsson María Gylfadóttir**
**Jóhann Freyr Björgvinsson Fjalar Ólafsson**
**Erla Björgvinsdóttir Hilmar Viðarsson**
**Björgvin Þór Björgvinsson Hrafnhildur B. Þórsdóttir**
**Ingvar Þór Geirsson Sara Watkins Geirsson**
**Eyvar Örn Geirsson Eyrún Stefánsdóttir**
**systkini og barnabörn.**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

## Hörður Pálsson

bóndi,
Hömrum,
Grundarfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi að morgni 1. júlí. Útförin fer fram frá Grundarfjarðarkirkju fimmtudaginn 6. júlí kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið Von í Grundarfirði, rnr. 0321-13-700101, kt. 650107-0200.

**Guðlaug Halldóra Guðmundsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og fjölskyldur.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi, bróðir og vinur,

## Birgir Jónsson

bókbindari,
til heimilis að Laufrima 4, Reykjavík,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans miðvikudaginn 28. júní, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þann 11. júlí kl. 13.

**Ármann Birgisson Ljúdmíla Nikolajsdóttir**
**Svava Birgisdóttir Sigurbjörn H. Reynisson**
**Ásta Birgisdóttir Ingólfur H. Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

## Guðbjörg Benediktsdóttir

Keldulandi 15, Reykjavík,

lést af slysförum fimmtudaginn 29. júní.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Gylfi Þórðarson Karitas Jónsdóttir**
**Gústaf Reynir Gylfason**
**Benedikt Gísli Gylfason**
**Kristján Birgir Gylfason**
**barnabarnabörn.**



Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru

## Sigrúnar Einarsdóttur

Dalbraut 14, Reykjavík,

Sérstakar þakkir fær starfsfólk öldrunardeildar B4, Landspítala Fossvogi, fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Eiríkur S. Ormsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona, móðir og amma,

## Ingibjörg Eldon Logadóttir

Sævangi 10,
Hafnarfirði,

lést miðvikudaginn 21. júní.
Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Aðstandendur**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,

## Davíð Wallace Jack

flugvirki,

lést á Líknardeild LSH í Kópavogi föstudaginn 30. júní.
Útförin fer fram frá Vídalínskirkju, Garðabæ, föstudaginn 7. júlí klukkan 15.

**Bergdís Ósk Sigmarsdóttir**
**Róbert Jack Díana Dröfn Heiðarsdóttir**
**Sigmar Jack Hege Elisabeth Wennersgaard**
**Vigdís Jack**
**og barnabörn.**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 4. JÚLÍ 2017



**Hildur Gylfadóttir jógakennari les bækur um jóga fyrir svefninn. Hún segir alla geta stundað jóga.**

heilsa →4






Petra er dugleg að hugsa um heilsuna, hún hreyfir sig á hverjum degi og hjólar allan ársins hring flestra sinna ferða. „Við maðurinn minn stundum heitt jóga saman og á veturna skíðum við fjölskyldan. Mitt mottó í mataræði er að allt sé gott í hófi og að maður eigi ekki að neita sér um neitt né ástunda ýkjur í hvora áttina. Þá er gott að passa vel upp á góðan nætursvefn og útiveru því hún gefur manni svo mikið og styrkir ónæmiskerfið,“ segir Petra. MYND/ANTON BRINK

# Munnurinn þarf frið til að hvíla sig

Margir hvá þegar Petra Björk Arnardóttir kveðst vera tannfræðingur. Já, hvað er nú það? Hún skorar á Háskóla Íslands að bæta við tannfræðinámi við tannlæknadeild. →2

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Það er engin dyggð að bursta tennur mörgum sinnum á dag. Kvölds og morgna er nóg," segir Petra Björk Arnardóttir, tannfræðingur á tannlæknastofunni Krýnu.

Petra ræður fólki frá því að bursta tennur strax eftir neyslu gosdrykkja og sætinda, því þá sé sýrustig lágt í munni og burstun geri illt verra.

„Með ofburstun eykst einnig óafturkræfur skaði á tannholdi, sem er einn vefja líkamans sem ekki vex aftur niður. Við fáum talsvert af fólki til okkar sem burstar of oft eða notar of harða tannbursta með þeim afleiðingum að tannhold eyðist, tannhálsar verða berir, kul verður í tönnum og fólk lendir í vítahring. Því á eingöngu að bursta kvölds og morgna, nota tannþráð og drekka vatn til að skola munninn eða nota sykurlaust tyggjó innan hóflegra marka til að lækka sýrustig í munni."

## Undur og stórmerki

Petra segir marga reka upp stór augu þegar hún kveðst vera tannfræðingur.

„Það eru ótrúlega fáir meðvitaðir um stétt tannfræðinga hér á landi en á Norðurlöndunum starfa tannfræðingar á nær öllum tannlæknastofum og almenningur þar vanur að sækja tanneftirlit, leiðsögn og fræðslu til tannfræðinga sem sjá um reglulegt eftirlit á tönnum, myndatökur, tannhvíttun og leit að skemmdum, svo dæmi séu tekin."

Petra starfaði sem aðstoðarkona tannlæknis áður en hún fór utan til náms í tannfræði við Tannlæknaháskólann í Kaupmannahöfn.

„Ég fann hjá mér þörf til að hafa meiri áhrif og stuðla að betri tannheilsu almennings. Það er gefandi að fá manneskju með lélega munnhirðu í stólinn og sjá svo afraksturinn í heilbrigðari og hreinni munni."

En þótt Petra hefði um árabil starfað á tannlæknastofu í Reykjavík hafði hún aldrei heyrt um nám í tannfræði þegar hún frétti af því í Danmörku. „En ég kynnti mér málið, leist vel á og dreif mig í nám. Við tókum þrjú krefjandi og skemmtileg námsár, sem voru bæði bókleg og verkleg, því eftir hádegi sinnti maður sjúklingum," segir Petra, sem er sannarlega sátt í sínu starfi.

„Tennur hafa alltaf vakið forvitni mína og er sá áhugi atvinnusjúkdómur má segja. Ég horfi mikið á tennur fólks og hef alltaf gert. Munnhirða segir enda mikið um fólk og ósjaldan sem maður upplifir að fólk sem hugsar um allt sem viðkemur útliti sínu steingleymir munninum. Það er nefnilega ekki smart að vera með bólgið og blæðandi tannhold, en þarf lítið til að öðlast heilbrigt og fallegt tannhold."

## Hreinar tennur skemmast ei

Fólk á öllum aldri kemur til tannfræðinga sem meta stöðuna og senda það áfram til sérfræðinga eftir þörfum.

„Sé ástandið slæmt er skynsamlegt að koma fyrst í skoðun til tannfræðings því maður byggir ekki hús á sandi. Sé þörf á krónu eða implanti eða annarri uppbyggingu í munninum er gott veganesti að fá fyrst kennslu í að byggja upp munninn, hreinsa, fræðast og undirbúa sig hjá tannfræðingi og fara þaðan í stóra verkið til tannlæknis," útskýrir Petra.

Þá séu margir hræddir við að fara beint í stól tannlækna af ótta við bora þeirra, tól og tangir, og millilenda fyrst hjá tannfræðingum.

„Það á einnig við börn sem koma til okkar í afslappað andrúmsloft og notalega skoðun og við sendum þau áfram til tannlækna eða í tannréttingar eftir þörfum," segir Petra en þess má geta að þjónusta tannfræðinga, eins og tannlækna, er nú ókeypis fyrir börn yngri en 18 ára.

Hér áður fyrr fóru tannfræðingar í skóla landsins til að fræða ungdóminn um góða munnhirðu en Petra segir það ekki vera lengur, sem sé miður.

„Slík fræðsla ætti vitaskuld að vera á hendi tannfræðinga því þeirra sérsvið eru einmitt forvarnir, hreinsun og fræðsla til að byggja góðan grunn að ævilangri tannheilsu. Gamla slagorðið, að hreinar tennur skemmist ekki, er ekki úr lausu lofti gripið. Bursti fólk ekki tennur né notar tannþráð eða tannstöngla til að hreinsa á milli tanna er hætt við tannholdsbólgum sem svo geta leitt til tannvegsbólgu og beintaps með tímanum. Bakteríuflóra í munni segir til um hversu hratt slíkt gerist og þótt sumir geti leyft sér meira en aðrir, eru þeir jafn margir sem mega ekkert slaka á og eru með skæðari bakteríur í munnvatnsflórunni sem herða enn á skemmdum."

## Tennur ungs fólks í sýrubaði

Glerungseyðing er vaxandi og alvarlegt vandamál meðal íslenskra barna og ungmenna, vegna síþambs og sýru í orku-, djús- og gosdrykkjaneyslu. Petra segir það erfiðan vanda því þegar glerungur eyðist sé það til frambúðar.

„Ekki er mögulegt að byggja upp nýjan glerung og sé ekkert að gert verða tennurnar veikbyggðar, skemmast og brotna. Margir eru með sýrudrykki í flöskum allan daginn að súpa og því mikilvægt að minnka neysluna því ella eru tennurnar í sýrubaði allan daginn og munnurinn fær aldrei frið. Það sama á við um sódavatn með bragðefnum því í þeim er mikil sýra. Hreint vatn er allra besti drykkurinn fyrir tennurnar, og nóg af því."

Þá sé mikilvægt að vera ekki í stöðugu narti yfir daginn, segir Petra.

„Því í hvert sinn sem við borðum fellur sýrustig í munni og munnvatn okkar er liður í að viðhalda réttu sýrustigi. Bakteríur mynda sýrur í óhreinum tönnum og valda þeim skaða. Því er brýnt að gefa munninum hvíld frá mat og drykk en vera þeim mun duglegri að drekka vatn og skola munninn."

## Tannfræði í Háskólann

Allra besta heilræði Petru er að fara í reglulega skoðun til tannfræðings til að ganga úr skugga um að rétt sé farið að við tannhirðu eða til að gera enn betur.

„Gagnlegt er að koma einu sinni á ári en oftar ef tannsteinn er mikill eða ef fólk er til dæmis í lyfjameðferð. Þá er nauðsynlegt að koma í ráðgjöf og fá kennslu á rétt hjálpartæki til að viðhalda heilbrigðum munni."

Aðspurð segir Petra fólk fá meira út úr skoðun hjá tannfræðingi en tannlækni þar sem tannfræðingar séu sérmenntaðir í að skoða og hreinsa tennur og sjá um fyrirbyggjandi fræðslu.

„Ég hvet Háskóla Íslands til að bjóða upp á nám í tannfræði við tannlæknadeildina því teymisvinna tannlækna og tannfræðinga er þétt og góð og sjúklingum til mikilla hagsbóta."



Petra nam tannfræði við Tannlæknaháskólann í Kaupmannahöfn þegar hún fann hjá sér þörf til að stuðla að betri tannheilsu almennings. Hún segir gefandi að sjá afrakstur starfsins í heilbrigðari munni. MYND/ANTON BRINK



Að sögn Petru er lítið sem ekkert flúor í vatni á Íslandi. Því mæli tannfræðingar eindregið með notkun tannkrems með flúori tvisvar á dag því flúor styrki og verji glerung tannanna.

TAKTU ELGINN Á ÞETTA




BCAA einstökmatvara

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433



# I ♥ SS

## Pylsur

### ÚTRÁSIN HEFUR ALDREI BRAGÐAST BETUR



Árni er kominn til stóra eplisins og það mun ekkert stöðva hann. Hvort verður Árni frændi eða frænka? Mun hann finna föður sinn? Verður ást við fyrsta bita hjá Kananum?

Jón Ársæll heimsækir Árna til New York í stærsta ævintýri þeirra til þessa. Þetta verður tvöfaldur pylsupakki af skemmtun!

**SJÁÐU ÞÁTTINN Í HEILU LAGI Á FACEBOOK.COM/ARNIPULSA**

Sjálfstætt fólk borðar SS pylsur

HVÍTA HÚSIÐ — SÍA / 16-5800

# Dregur mann inn í ævintýri

**Hildur Gylfadóttir jógakennari les bækur um jóga fyrir svefninn. Hún segir alla geta stundað jóga. Það snúist ekki um að geta staðið á höndum.**





Mér leið strax vel við iðkun jóga og get ekki verið án þess. Þegar maður finnur og sér hve jógað gerir manni sjálfum og öðrum gott, dregur það mann inn í spennandi ævintýri þessa heims. Mín heilsurækt er því jóga og svo fer ég í göngutúra með tíkina mína Týru til að slappa af eftir annasaman dag,“ segir Hildur Gylfadóttir, hönnuður og jógakennari, spurð út í heilsuræktina.

Hildur stundar jóga tvisvar til þrisvar í viku auk þess að kenna og segir ávinninginn betri líðan, andlega og líkamlega. Jóga snúist ekki um að standa á höndum.

„Ávinningur jóga er betri líðan, jákvæðara og kærleiksríkara lífsviðhorf til sjálfs sín og annarra.

„Jógastaða sem notalegt er að fara í hvar sem er, finna sér þúfu úti í náttúrunni eða bara uppi í rúmi.“

Hildur Gylfadóttir segir ávinninginn af jóga betri líðan og jákvæðara lífsviðhorf.

Allir geta stundað jóga, hver og einn á sinn hátt. Sumir iðka jóga til að liðka og styrkja líkamann, aðrir til að ná meiri einbeitingu og ró á hugann, enn aðrir iðka til að fá allt upptalið og miklu meira. Að standa á höndum eða ná niður á tær er ekki það sem jóga snýst um heldur að ná sáttum við sjálfan sig og lifa í núinu. Ég byrjaði að stunda jóga árið 1999 og tók kennsluréttindi í hathajóga árið 2003 og kúndalíníjóga árið 2010. Ég kenndi hjá Guðjóni Bergmann, í Jógasetrinu hjá Auði Bjarna, í Yogashala hjá Ingibjörgu Stefáns og í World Class. Þá varð tímabært að fara bralla eitthvað sjálf og haustið 2015 leigði ég dásamlegan sal í Spönginni í Grafarvogi með tveimur vinkonum mínum. Ári síðar tók ég alfarið yfir og sameinaðist Yogasmiðjunni sem Andrea Margeirsdóttir rak í Kópavogi. Ég hef stundað hinar ýmsu tegundir jóga og blanda því svo saman í það jóga sem ég kenni. Á sumrin minnkar jógaiðkunin reyndar hjá mér en í staðinn kemur útivera í sveitinni og hugleiðsla úti í náttúrunni.“

**Hvernig byrjarðu daginn?**

„Á veturna reyni ég að vakna eldsnemma allavega tvo morgna í viku og mæta í rajajóga hjá Rakel í Yogasmiðjunni. Annars byrja ég stundum daginn á nokkrum teygjum áður en ég skríð fram úr og hugleiðingum um hvernig dagurinn verður, bæn og þakklæti. Það er dásamleg byrjun á degi.“

**Morgunmaturinn?**

„Það er mjög misjafnt. Morgunmaturinn er þó alltaf bragðgóður og stundum listilega útbúinn því bragð og útlit skiptir mig miklu máli þegar kemur að mat. Mér finnst voða gott að fá mér ab-mjólk með heimagerðu músli og berjum eða sólkjarnabrauð með lárperu, smá salti og pipar og sneiða epli ofan á. Ég hef yndi af að borða góðan mat hvort sem það er að morgni eða á öðrum tíma dags.“

**Bókin á náttborðinu?**

„Þær eru tvær sem ég gríp í öðru hverju, bók um Thai Massage og Spark of Divinity bók um jógakennslu B.K.S. Iyengar jógameistara. Svo eru alltaf einhver jógatímarit á borðinu.“

**Tónlistin í eyrunum?**

„Góð tónlist getur gert kraftaverk og farið með mann djúpt inn á við. Því skiptir miklu máli að velja góða tónlist til að hlusta á eða til dæmis þegar ég iðka eða kenni jóga eða gef thai jóganudd og heilun. Það þarf ekki að vera mjúk, róleg jógatengd tónlist. Allt er í boði ef tónlistin er vel samsett og við hæfi hverju sinni. Nú er í miklu uppáhaldi nýja lagið hennar Miley Cyrus, Malibu, einnig finnst mér Human með Rag 'n' Bone Man og Arms of the Infinitie með Kentaur.“

**Freistingin?**

„„Gamla ísinn“ gæti ég borðað á hverjum degi og ég elska súkkulaði. Ég reyni að finna hollar súkkulaðiuppskriftir til að minnka samviskubitið. Hér er ein uppskrift af súkkulaði úr bókinni MMM sem ég nota oft.“

## Heimagert súkkulaði

**1 dl kakósmjör eða kókosolía**
**½ dl hreint lífrænt kakóduft**
**3 msk. kakónibbur**
**½ tsk. Maldonsalt (ég nota aðeins minna)**
**½ tsk. lífrænt vanilluduft**
**1 dl hlynsíróp eða hunang**

Bræddu kókossmjörið yfir vatnsbaði. Settu kakóduft, kakónibbur, Maldonsalt, vanilluduft og hlynsíróp í skál og hrærðu bráðið kakósmjörið saman við. Settu súkkulaðið í lítil silikonform og settu þau í frysti í nokkra klukkutíma.






# Bílar






# Fer Renault-Nissan fram úr sölu Volkswagen Group?

Mitsubishi hefur nú bæst við Renault-Nissan bílafjölskylduna og fyrir voru Dacia, Infinity og Lada. Renault-Nissan hefur skotið General Motors ref fyrir rass í sölu á þessu ári en General Motors hefur fallið hratt niður listann undanfarið. →2

# BÍLAR

## Kaupendur bíla á gráa markaðnum hafi varann á sér

Innflutningur nýrra bíla sem ekki fellur undir bílaumboð landsins stendur nú í miklum blóma og sjaldan hefur innflutningur þeirra verið meiri en nú. Borið hefur á því að hingað til lands hafi komið bílar sem flokkast undir þennan gráa markað, eins og hann er kallaður, og uppfylla ekki þá staðla sem settir eru fyrir sölu nýrra bíla hérlendis.

Slíkir staðlar eru ekki eins strangir fyrir bílamarkaði sums staðar annars staðar í Evrópu svo sem í Rússlandi og víðar í Austur-Evrópu. Þar eru ekki gerðar eins strangar kröfur til öryggis þeirra og mengunarvarna.

Eitt slíkt dæmi kom upp hérlendis fyrir skömmu þar sem fluttir voru inn 7 bílar sem ekki uppfylltu Euro 6 staðalinn um mengun og öryggi. Kaupendur þessara bíla uppgötvuðu að umboðsaðila bílanna hér á landi er ekki gert að taka við ábyrgðarviðgerðum á þeim þar sem þeir eiga ekki heima á bílamarkaði hérlendis. Fyrir vikið eru bílarnir án ábyrgðar hér á landi og þá þyrfti að flytja út aftur ef þeir biluðu.

Engum kaupanda nýs bíls er greiði gerður með slíku fyrirkomulagi og bíla af þessu tagi á ekki að skrá til aksturs á íslenskum vegum.

### Í sumum tilfellum eftirársbílar

Í stuttu spjalli við Guðmund Hreinsson, tæknimann hjá Heklu, kom fram að kaupendur bíla á gráa markaðnum þyrftu að hafa nokkur atriði í huga við kaup á slíkum bílum. Oft væri um að ræða eftirársbíla sem hefðu staðið lengi og það við mismunandi aðstæður og oftast úti undir beru lofti.

Við þannig geymslu mætti búast við því að yfirfara þyrfti bremsukerfi bílanna og gæta vel að öllum vökvum og ekki síst smurolíu. Ef um eftirársbíla væri að ræða væri gjarnan farið heilt ár af ábyrgð þeirra frá framleiðanda.

Þá nefndi Guðmundur einnig að bílar gætu verið mun verr búnir en þeir bílar sem fluttir eru inn af söluumboðunum hér á landi. Svo rammt kvæði stundum að því að bílarnir teldust ólöglegir, eins og dæmið hér að ofan sannar og væri þá oft um að ræða öryggisatriði í þeim, svo sem fjölda öryggispúða og mengunarvarnir.

Versta dæmið sem Guðmundur þekkir til varðandi gráan innflutning er þó líklega Volkswagen e-Golf rafmagnsbíll sem var fluttur inn frá Bandaríkjunum. Kom í ljós eftir að bíllinn var hingað kominn að hann var ekki hægt setja í hraðhleðslu.

Ýmislegt sé því að varast og rétt að benda kaupendum á að kanna alla mögulega ókosti áður en keypt er, þó að bílarnir fáist oft á betra verði.



Volkswagen e-Golf innfluttir frá Bandaríkjunum er ekki hægt að hraðhlaða hérlendis.




Ofurbíllinn Bugatti Chiron er 1.479 hestöfl.

## Bugatti Chiron kemst á 480 km/klst

Ofurbíllinn Bugatti Chiron hefur afl til þess að komast ógnarhratt og takmörkin fyrir hraða hans ráðast helst af dekkjunum undir honum. Á þeim dekkjum sem hann er seldur á til almennings á hann að komast á 450 km hraða og slá með því hraðamet forvera síns, Bugatti Veyron Super Sport, sem er 431 km/klst. og var sett árið 2010. Með því að fá undir bílinn ennþá betri sérhönnuð dekk til sérlega hraðs aksturs á afl bílsins hins vegar að geta þeytt bílnum á 483 km hraða, eða 300 mílur. Bugatti ætlar að láta reyna á hámarkshraða Chiron bílsins á sömu braut og Bugatti Veyron Super Sport bíllinn náði 431 km hraða, þ.e. Ehra-Lessien brautinni þýsku sem er í eigu Volkswagen Group. Það ætti að vera auðsótt mál að fá að nota þá braut þar sem Bugatti er í eigu Volkswagen Group. Það er Michelin dekkjaframleiðandinn sem ætlar að útvega Bugatti sérhönnuð dekk undir Chiron bílinn þegar metakstur verður reyndur. Bugatti Chiron er 1.479 hestöfl, eða næstum því 300 hestöflum öflugri en Bugatti Veyron Super Sport.





JEPPADEKK

fyrir felgustærðir 15 - 16 - 17 - 18 og 20 tommur
Sumar stærðir eru fáanlegar sem burðardekk (D,E).

Icetrack ehf. Sími 773 4334 · mtdekk@mtdekk.is
www.mtdekk.is





Nissan Qashqai er einn margra góðra sölubíla Renault-Nissan bílafjölskyldunnar.

# Renault-Nissan fram úr sölu Volkswagen?

Mitsubishi hefur nú bæst við Renault-Nissan bílafjölskylduna og fyrir voru Dacia, Infinity og Lada.

Ekki munar ýkja miklu á heildarsölu Renault-Nissan og Volkswagen Group og Toyota. Hafa verður þó í huga að Mitsubishi hefur bæst við sölu Nissan og Renault bíla, en Renault-Nissan keypti Mitsubishi síðastliðið haust. Á fyrstu 4 mánuðum ársins seldi Volkswagen 3,32 milljónir bíla, Toyota 3,06 og Renault-Nissan 3,02. Það munar því ekki nema um 300.000 bílum á Renault-Nissan og stærsta bílaframleiðanda heims, Volkswagen. Vöxtur Renault-Nissan í sölu er hins vegar nokkru meiri en hjá bæði Volkswagen og Toyota og forstjóri Renault-Nissan, Carlos Ghosn, sagði um daginn að ekki væri loku fyrir það skotið að Renault-Nissan gæti skotist upp fyrir bæði fyrirtækin í sölu áður en árið er á enda.

> Renault-Nissan hefur skotið General Motors ref fyrir rass í sölu á þessu ári en General Motors hefur fallið hratt niður listann undanfarið.

### GM fallið í 4. sætið

Renault-Nissan hefur skotið General Motors ref fyrir rass í sölu á þessu ári en General Motors hefur fallið hratt niður listann á meðal stærstu bílaframleiðenda heims, þótt fyrirtækið hafi verið í efsta sæti fyrir ekki svo löngu. Nú er GM hins vegar fallið niður í 4. sætið og gerði það fyrst í janúar, en þá fór Renault-Nissan yfir GM í sölu og hefur æ síðan selt meira en GM í hverjum mánuði. Carlos Ghosn lét hafa það eftir sér um daginn að hann byggist við að um mitt ár í ár yrði Renault-Nissan farið að selja jafnvel fleiri bíla í hverjum mánuði en bæði Volkswagen Group og Toyota, en hvort það dugir til þess að fara yfir þau bæði í heildarsölunni í ár mun tíminn leiða í ljós.

### Mitsubishi nú innan bílafjölskyldunnar

Renault-Nissan, ásamt Mitsubishi nú, hefur aukið sölu sína um 8% á fyrstu 4 mánuðum ársins á meðan Toyota hefur aukið söluna um 6% og hjá Volkswagen Group hefur salan minnkað um 1%. Forvitnilegt er að sjá að Infinity, lúxusarmur Nissan, hefur aukið söluna mest innan þessarar stóru bílafjölskyldu, eða um 24%. Renault hefur aukið söluna um 10% og Nissan og Dacia, sem er í eigu Renault, hafa bæði aukið söluna um 7%. Á meðan hefur bæði Mitsubishi og Lada, sem einnig er í eigu Renault-Nissan, aukið söluna um 5%. Renault-Nissan er með mesta markaðshlutdeild allra bílaframleiðenda í sölu jeppa og jepplinga og er með 12% hlutdeild þar á heimsvísu. Eiga Nissan Quasqai, Nissan X-Trail, Dacia Duster og Renault Kwid stóran þátt í þeirri velgengni.

NISSAN
Innovation that excites

30 kWh
250 km**
zero Emission

# SUMARTILBOÐ Á NISSAN LEAF

5 ÁRA ÁBYRGÐ OG **REGLUBUNDNAR ÁBYRGÐARSKOÐANIR FYLGJA NÝJUM LEAF FYRSTU 3 ÁRIN***



**100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.**
RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN

## NÝ 30 KWH RAFHLAÐA. 250 KM DRÆGI.

Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meira drægi en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.

**NISSAN LEAF VISIA 30kWh**
**Verð: 3.390.000 kr.**
Bíll á mynd: Nissan Leaf Tekna, verð: 4.090.000 kr.

*Með 3 ára ábyrgðarskoðun geta eigendur Nissan Leaf notið þess að koma með bílinn í árlegar áskildar skoðanir sem viðhalda ábyrgð bílsins án þess að greiða neitt aukalega.

**Drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.

ENNEMM / SÍA / NM82584

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# BÍLAR



Lexus GS 450h.

## Ný kynslóð lúxusbílsins Lexus GS komin

Hjá Lexus á Íslandi er mætt ný kynslóð lúxusbílsins Lexus GS og þar fer einkar fágaður bíll sem hver forstjóri væri fullsæmdur af. Þetta er önnur kynslóð bílsins og fæst hann í tveimur útfærslum, GS 300h og GS 450h. Báðir bílarnir eru með hybrid-kerfi sem eykur bæði afl þeirra og minnkar eyðslu og mengun. Lexus GS 300h er með 223 hestafla drifrás þar sem 2,5 lítra bensínvél fær aðstoð frá rafmótorum. Á raf-mótorunum má aka fyrsta spölinn hljóðlaust, en þó ekki eins lengi og á tengiltvinnbílum sem settir eru í samband við rafmagn. Hybrid-kerfi bílanna endurheimtir hemlunar-orkuna og vistar hana til átaka eða í hægum akstri.

### Lexus GS 450h er 350 hestöfl

Báðir þessir bílar eru hlaðnir lúxus og innrétting þeirra einkar flott og snyrtileg og með fáguðum frá-gangi eins og Lexus er von og vísa. Lexus 450h er með öflugri 3,5 lítra bensínvél sem fær aukaorku frá rafmótorum og er drifrás hans alls 350 hestöfl og fyrir vikið fer þar afar sprækur bíll. Þessi bíll er einungis 5,9 sekúndur í hundraðið en eyðir einungis 5,9 lítrum á hverja 100 kílómetra og mengar að auki aðeins 137 g/km og fellur því í góðan toll-flokk. Þar gerir Lexus GS 300h enn betur og mengar aðeins 109 g/km og fæst því á afar góðu verði, eða 7.950.000 kr. Lexus GS 450h kostar 9.740.000 kr. Báðar útfærslur GS-bílsins eru myndarlegar á velli með klassíska hönnun, en þó djarflega og þá sérstaklega að framanverðu. Lexus GS er í svipuðum stærðar-flokki og BMW 5-línan, Audi A6, Mercedes Benz E-Class og Jaguar XF, en allir teljast þeir í flokki lúxusbíla.

## 100.000 Tesla Model S seldir í Bandaríkjunum

Tesla hefur nú selt ríflega 100.000 bíla af gerðinni Model S eingöngu í Bandaríkjunum. Fyrir tiltölulega nýjan bílaframleiðanda er þessi árangur eftirtektarverður. Í lok maí hafði Tesla selt 99.932 Model S bíla og því hefur 100.000 bíla markinu verið náð á allra fyrstu dögum júní. Ekki síst er þessi árangur eftir-tektarverður í ljósi þess að hvert eintak af Model S bílnum selst á um 100.000 dollara stykkið og því hefur Tesla Model S bíllinn halað inn tekjur upp á 10 milljarða dollara, eða rúmlega 1.000 milljarða króna. Á síðasta ári seldust 28.896 Tesla Model S bílar í Bandaríkjunum, en á fyrstu 5 mánuðum ársins var salan rétt undir 9.000 eintökum.

### Salan að dala í Model S

Því virðist salan eitthvað lítillega vera að dala þar sem mánaðarsalan er nú 1.800 bílar að meðaltali en var 2.400 bílar í fyrra. Nú fer að styttast í sölu á næstu bílgerð Tesla, Model 3, en afgreiðsla á honum hefst eftir örfár vikur. Nú þegar eru komnar 400.000 pantanir í þann bíl og óljóst hvað sala hans mun draga úr eftirspurninni eftir Model S bílnum. Model 3 bíllinn verður nær þrisvar sinnum ódýrari en Model S.

## Sérstök sölusíða fyrir sýningar- og reynsluakstursbíla BL

BL ehf. hefur opnað sérstaka sölusíðu, kjarabilar.is, á heimasíðu fyrirtækisins þar sem fólk í bílahugleiðingum getur keypt á sérkjörum ákveðna óekna sýningarbíla í sölum fyrirtækisins og lítið ekna reynsluakstursbíla sem eru boðnir til sölu. BL er fyrsta umboðið hérlendis til þess að fara þessa leið. Bílarnir eru auðkenndir með bílnúmeri auk þess sem reynsluakstursbílarnir eru auð-kenndir sértaklega á vefsíðunni. Hægt er að senda fyrirspurn af síðunni til BL við Sævarhöfða í Reykjavík og Kauptún í Garðabæ sem söluráðgjafar svara um hæl, meðal annars hvað varðar verðmat á bílum sem viðskiptavinir vilja selja á móti nýja bílnum.

Að sögn Brynjars Elefsen Óskars-sonar, vörumerkjastjóra hjá BL, er markmiðið með nýju síðunni að halda úti aðgengilegum gagna-grunni fyrir þessa ákveðnu bíla sem eru til afgreiðslu strax. „Þar fyrir utan er það mjög vel þekkt í bílaheiminum almennt að sumir vilja helst bara þessa bíla. Kostirnir geta verið ýmsir. Þú þarft ekki að bíða eftir að fá nýja bílinn afhentan og þú færð hann á betri kjörum en annars væri vegna þess að margir hafa komið og skoðað hann, sest inn í hann og svo framvegis. „Síðan er BL með nokkurn fjölda af reynsluakstursbílum sem þarf að endurnýja reglulega þar sem við viljum ekki láta aka þeim of mikið.

Þetta eru bílar sem henta stórum hópi kaupenda sem við viljum koma betur til móts við. Hingað til höfum við verið að bjóða þessa bíla í samræðum við viðskiptavini á staðnum, en nú geta allir, hvar sem þeir eru staddir á landinu, nálgast þá á nýju vefsíðunni,“ segir Brynjar sem getur þess enn fremur að bílarnir séu ekki á skrá hjá Bílalandi, fyrirtæki BL sem selur notaða bíla. BL er með umboð fyrir níu bílategundir frá sjö fram-leiðendum (BMW, Dacia, Jaguar, Nissan, Land Rover, Renault, Range Rover, Subaru og Isuzu) og er því á stundum talsverð velta á bílum í sýningarsölum fyrirtækisins og tíð skipti á reynsluakstursbílum enda er fyrirtækið með um 30 prósenta markaðshlutdeild hér á landi.



Nissan Juke.

# Mikil áhersla lögð á þróun bíla sem bjóða upp á sjálfstýringu

BMW mun þó ekki spilla gleði þeirra sem njóta þess að aka BMW. Árið 2011 prófaði BMW fyrst sjálfkeyrandi bíl.

BMW hefur á undanförnum misserum og árum kynnt mikilvægar tæknilausnir sem fyrirhugaðar eru í nýjum bílum framleiðandans. Þar á meðal eru lausnir sem tengjast vísi að sjálf-keyrandi bílum. Sem dæmi um það má nefna að þegar á árinu 2006, fyrir ellefu árum, fór mannlaus BMW nokkra hringi á keppnis-brautinni í Hockenheim í Þýska-landi. Árið 2011 prófaði BMW svo nýjan sjálfkeyrandi hugmyndabíl á A9 hraðbrautinni, 170 km leið milli München og Nürnberg, og er hann enn í prófun. Árið 2014 kynnti BMW svo tilraunabíl með 360° myndavélakerfi sem skynjar umhverfi bílsins og getur hagað akstrinum með tilliti til nálægra bíla. Sama ár fór sjálfkeyrandi BMW um kappakstursbrautina Las Vegas Motor Speedway þar sem látið var reyna á getu og aksturs-hæfni hans og stóð bíllinn fyllilega undir þeim væntingum sem þá voru gerðar til hans.

### Munu standast krefjandi áskoranir

Sjálfkeyrandi bílar geta nú þegar lagt sér sjálfir í bílastæði án þess að mannshöndin komi nærri og felur framtíðarsýn BMW, The BMW Vision Next 100, í sér að bílar BMW geti staðist allar nauðsynleg-ar áskoranir við krefjandi aðstæð-ur sem verndi ökumann og farþega á sama tíma og þeir muni geta létt undir með ökumanni við skipulag daglegra anna. Til að vinna að því markmiði hefur BMW t.d. fjár-fest í tæknifyrirtækinu HERE sem er sérhæft á sviði kortagerðar og leiðsögu auk þess sem gerðir hafa verið samstarfssamningar við Intel, Mobileye og fleiri sérhæfða aðila í tæknilausnum framtíðar-innar. Hluti af þessari framtíðarsýn er sjálfsstjórnarbúnaður sem BMW hefur þróað og nefnist iNext. Hann verður til að byrja með boðinn með völdum gerðum í BMW 7 línunni innan fárra ára. Stefnt er að því að fyrir árslok verði um 40 slíkir bílar komnir í umferðina í Þýskalandi þar sem gerðar verða umfangsmiklar tilraunir með iNext og unnið að lokahönnun og stöðlun kerfisins áður það verður kynnt á almennum markaði.



Afslappaður akstur í sjálf-keyrandi bílum framtíðarinnar.

**» Í dag er það mjög fullkominn mynda-vélabúnaður sem gætir að umhverfinu í kring, meðal annars að gang-andi vegfarendum.**

### Fimm þrep á leiðinni

BMW skiptir þróuninni í 5 stig þar sem öðru stigi hefur þegar verið náð. Það felst í því að nú getur öku-maður með hjálparbúnaðinum sleppt hendinni af stýri ökutækisins í stuttan tíma og heldur bíllinn sig á akreininni og gætir að nálægð bíla fyrir aftan og á undan. Á þriðja stigi getur ökumaðurinn við vissar aðstæður látið bílinn alfarið um aksturinn, en þarf þó engu að síður að vera viðbúinn að taka stjórnina tafarlaust aftur gerist þess þörf. Vísi að þessum áfanga sjáum við nú þegar í ákveðnum bílgerðum. Á fjórða stigi mun ökumaðurinn geta farið að sofa í ökumannssætinu í umferð þar sem akreinarnar eru aðskildar umferð úr gagnstæðri átt. Hann þarf þó engu að síður að vera í standi til að aka, gerist þess þörf. Á fimmta stigi mun bíllinn vera fær um að sjá alfarið um aksturinn við hvaða aðstæður sem er í umferð-inni og verður ekki nauðsynlegt að farþegarnir kunni að aka bíl til að geta farið í bíltúr. Stýri og fótstig verða þó engu að síður til staðar fyrir þá sem kjósa að aka bílnum sjálfir í umferðinni – enda hyggst framleiðandinn ekki spilla ánægju þeirra sem áfram vilja njóta þess að aka BMW.

### Þróun búnaðar

Í dag er það mjög fullkominn myndavélabúnaður sem gætir að umhverfinu í kring, meðal annars að gangandi vegfarendum. Gert er ráð fyrir að 2021 verði loka-hönnun þriðja og fjórða stigs með iNext komin í ákveðnar gerðir BMW en þá munu laser- og hljóð-bylgjunemar ásamt ratsjárkerfum greina umhverfið í kring með nákvæmari hætti en nú þekkist í bílum. Kerfin munu þá einnig geta miðlað og tekið á móti miklum og flóknum samtímaupplýsingum, svo sem um aðstæður fram undan í vegakerfinu. Slíkt getur verið afar þægilegt fyrir íbúa stórborga þar sem hraðbraut geta lokast tímunum saman vegna umferðar-óhappa, snjókomu eða af öðrum ófyrirséðum ástæðum. Árið 2030 gerir BMW ráð fyrir að kynna fimmta stig fyrir sjálfkeyrandi bíla sem verður þróað fyrir valdar stórborgir með margar milljónir íbúa.




## Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á óþreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með PROACE.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Nýr ódýr valkostur í C-stærðarflokki er Fiat Tipo

**Fiat Tipo er ódýrasti bíllinn í C-stærðarflokki hér á landi. Hann býðst bæði með bensín- og dísilvél og sem stallbakur, langbakur og í sedan-útfærslu. Fiat Tipo hlaut verðlaunin Best Buy Car of Europe hjá Autobest í fyrra.**



Fiat Tipo í langbaksútfærslu.

Það var sannarlega fagnaðarefni þegar níunda bílaumboðið var opnað í byrjun ársins með tilkomu Ís-Band í Mosfellsbæ. Þar eru seldir bílar frá Fiat Chrysler bílasamstæðunni sem í eru bílar frá Fiat, Chrysler, Jeep, Ram, Dodge og vonandi Alfa Romeo á næstunni. Mest ber nú á bílum frá Jeep og Fiat í sölulínu Ís-Band. Einn þeirra er Fiat Tipo sem flokkast í C-stærðarflokk bíla líkt og Volkswagen Golf, Ford Focus, Opel Astra og Hyundai i30, svo einhverjir séu nefndir. Víst er að Fiat Tipo á sér margan verðugan keppinautinn í þessum stærðarflokki og þá kviknar eðlilega spurningin á hvern hátt Fiat geti skákað samkeppninni með Tipo. Svarið er með góðu verði en hann býðst frá 2.790.000 krónum. Volkswagen Golf fæst frá 3.090.000 kr., Ford Focus frá 2.990.000 kr. og Opel Astra frá 2.890.000 kr. Fiat Tipo er því þeirra ódýrastur, en er það nóg í samkeppninni við hina vinsælu bílana? Í desember árið 2015 vann Fiat Tipo verðlaunin 2016 Best Buy Car of Europe hjá Autobest þar sem 26 af virtustu bílablaðamönnum Evrópu frá jafn mörgum löndum álfunnar völdu hann sem bestu kaupin. Það segir sitt um það að Fiat Tipo sé verðugur nafnbótarinnar. Fiat Tipo er seldur undir nafninu Dodge Neon í Bandaríkjunum og Kanada með nokkrum útlitsbreytingum þó á ytra byrðinu.

### Stallbakur, langbakur og með skotti

Fiat Tipo er af fyrstu kynslóð og kom fyrst á markað árið 2015. Hann fæst sem stallbakur, langbakur og í sedan-útfærslu með skotti. Velja má á milli 1,4 og 1,6 lítra bensínvéla, 95 og 120 hestafla og 1,6 dísilvél, 120 hestafla. Engin þessara véla er sérlega öflug, en þær duga þó allar bílnum vel og alls ekki er hægt að kvarta yfir aflskorti. Þó hefði verið gaman að eiga kost á því að velja bílinn með aflmikilli vél þó svo hann yrði þá nokkru dýrari. Tipo má fá með 6 gíra beinskiptingu eða 6 gíra sjálfskiptingu og allir eru bílarnir framhjóladrifnir. Hvað útlit varðar skal hrósa hönnuðum bílsins fyrir nokkuð snaggaralegt útlit bílsins, þó svo hann skáki ekki öðrum fríðum bílum í sama flokki eins og Golf, Astra, Focus, Megane né Mazda3. Þegar inn í bílinn er komið verður heldur enginn fyrir vonbrigðum, en efnisvalið er þó í takt við það lága verð sem bíllinn býðst á. Plássið í bílnum er yfrið og kemur á óvart og ekki vafðist það fyrir greinarritara að sitja í aftursætinu, en þar var nægt fóta- og höfuðrými. Sama verður að segja um skottrýmið, sem er 440 lítrar og skákar Tipo þar mörgum keppinautnum.

### Furðu góðir akstursеiginleikar

Þegar kemur að akstri Fiat Tipo kemur á óvart hvað bíllinn er lipur og fjaðrar skemmtilega. Hann er frekar næmur í stýri, ekki of léttur né þungur og gefur tilfinningu fyrir undirlaginu. Aldrei gætti undirstýringar og hann tekur beygjurnar frísklega ef hann er beðinn um það. Hann skákar nokkrum af keppinautum sínum í stærðarflokknum þar þó að einnig megi finna skemmtilegri akstursbíla þar. Hann skákar til dæmis Nissan Pulsar og Hyundai i30 en er eftirbátur Ford Focus og Volkswagen Golf. Alls ekki slæmt fyrir svo ódýran bíl. Tipo fer létt með stærri ójöfnur en það er helst þegar þær minni eru fyrirstaðan sem fyrir því finnst inni í bílinn. Þarna gæti Fiat ef til vill gert betur með betri dempurum, en það er kannski full mikil frekja að biðja um slíkt með tilliti til verðsins. Það kemur kannski ekki á óvart að Tipo hagi sér vel í akstri þar sem hann er með sama undirvagn og Fiat 500X og Jeep Renegade og ekki skaðar að það berst ekki mikið hljóð frá vegi við aksturinn. Sem sagt, furðugóðir akstursеiginleikar, en það vill nú oft vera með Fiat bíla og þá kemur Fiat 124 sportbíllinn strax upp í hugann og vonandi að hann bjóðist brátt hjá Ís-Band líka.



# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

## FIAT TIPO

- 1,6 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 120 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 6,3 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 98 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 9,8 sek.
**Hámarkshraði:** 200 km/klst.
**Verð frá:** 2.790.000 kr.
**Umboð:** Ís-Band

Kostir:
- Útlit
- Aksturseiginleikar
- Rými
- Verð

Gallar:
- Efnisval í innréttingu
- Engin kraftavél

### Mikill staðalbúnaður og alvöru varadekk

Í reynsluakstrinum voru reyndar tvær mismunandi útfærslur Tipo, sjálfskiptur bíll með dísilvélinni og beinskiptur bíll með 1,6 lítra bensínvélinni. Báðir líkuðu þeir vel en í þessum stærðarflokki bíla er skoðun greinarritara að beinskipting henti betur og átti það við í tilfelli Tipo. Báðar vélarnar voru nægilega aflmiklar, en skorti helst afl í millihröðun og skiluðu ekki miklu afli á miklum snúningi. Það verður alls ekki kvartað yfir staðalbúnaði í Tipo. Þar má finna lúxusbúnað eins og rafstillanlega og upphitaða hliðarspegla, loftþrýstimæla fyrir hjólbarða, raddstýringu á útvarpi, stillanlega stífni stýris, LED aðalljós, leðurklætt stýrishjól, bakkmyndavél og fjarlægðarskynjara, sem og alla mögulega tengimöguleika. En það sem ef til vill heillaði reynsluökumann mest var að í skottinu er að finna alvöru varadekk, en engan aumingja eða uppblásturssett. Fiat Tipo er afar kærkomin viðbót í C-stærðarflokkinn og er þeirra allra ódýrastur þó svo það sé ekki að sjá né finna við prófun á bílnum. Tipo er allrar athygli verður sem glænýr kostur í flóruna og með honum má einnig gleðjast yfir endurkomu Fiat í sölu á Íslandi.










Furðu lagleg innrétting í fremur ódýrum bíl og allt til alls.





SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



**HONDA Civic Sport.**
Skr. 07.2010, ekinn 65 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.480.000.**
Rnr.101704.



**SUZUKI Grand Vitara Luxury.**
Skr. 09.2008, ekinn 173 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga, dráttarbeisli.
**Verð 1.490.000.**
Rnr.101629.



**SUZUKI Swift GL 4x4.**
Skr. 06.2015, ekinn 43 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.990.000.**
Rnr.101440.



**SUZUKI Swift GLX.**
Skr. 04.2015, ekinn 37 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.150.000.**
Rnr.101697.



**VW Up! take up 1,0.**
Skr. 03.2014, ekinn 15 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.350.000.**
Rnr.101659.



**VW Golf Comfortline 4Motion.**
Skr. 07.2015, ekinn 74 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 3.380.000.**
Rnr.101674.



**SKODA Octavia Ambiente Combi 4x4.**
Skr. 03.2013, ekinn 89 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, dráttarbeisli.
**Verð 3.250.000.**
Rnr.101542.



**SKODA Fabia Combi Style.**
Skr. 08.2015, ekinn 24 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar.
**Verð 2.750.000.**
Rnr.101622.



**HYUNDAI i20 Classic.**
Skr. 06.2011, ekinn 120 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 990.000.**
Rnr.101651.

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið**

# Of margir starfsmenn hjá Tesla til að skila hagnaði

## Framleiða 84.000 bíla í verksmiðju þar sem áður voru framleiddir 500.000 bílar á ári.

Elon Musk, forstjóri Tesla, sagði um daginn að fyrirtækið væri komið í þrot með pláss í verksmiðju sinni í Freemont í Kaliforníu og þyrfti að fara að byggja nýja. Margir þeir sem kunnugir eru bílaframleiðslu klóra sér í hausnum yfir þessum orðum Musks í ljósi þess að áður en Tesla tók yfir þessa bílaverksmiðju sem var í eigu General Motors og Toyota voru framleiddir þar 500.000 bílar á ári. Í fyrra framleiddi Tesla 84.000 bíla, eða um einn sjötta af því sem þarna var áður framleitt. Samt er verksmiðjan full af starfsmönnum og þeir eiga bágt með að finna bílastæði fyrir utan verksmiðjuna sökum alls starfsmannafjöldans. General Motors og Toyota seldu Tesla verksmiðjuna í Freemont árið 2010 fyrir 42 milljónir dollara.

### Áður 74 bílar á mann en nú 8 til 14

Því hefur verið sagt að Tesla muni seint hagnast á framleiðslu sinni, þ.e. á meðan framleiðslan er svo lítil á hvern starfsmann. Árið 1997 unnu 4.844 starfsmenn í verksmiðjunni fyrir General Motors og Toyota og framleiddu 357.809 bíla. Í fyrra unnu 6.000 til 10.000 manns í verksmiðju Tesla í þessari sömu byggingu á sama fermetrafjölda og náðu að smíða 83.922 bíla. Það þýðir 8 til 14 bíla á mann, en árið 1997 voru smíðaðir þarna 74 bílar á mann á ári. Til stendur að smíða Tesla Model 3 bílinn líka í Freemont verksmiðjunni og þegar framleiðsla á honum hefst á að smíða 5.000 bíla á viku og komast svo í 10.000 bíla á viku strax á næsta ári. Ef það tekst verður framleiðsla á mann komin upp fyrir framleiðsluna hjá GM og Toyota á árum áður, en margir efast um að þetta takist.

### Ætla úr 84.000 bílum í 500.000

Sérfræðingar kunnugir bílaframleiðslu segja að það sé ekki heiglum hent að fara úr 80.000 bíla framleiðslu í 500.000 bíla á svo stuttum tíma og efast um að meira segja kraftaverkamaðurinn Elon Musk sé fær um það. Hvað varðar fjölda starfsmanna í verksmiðju Tesla í Freemont er rétt að hafa í huga að Tesla smíðar margt í bíla sína sjálft sem aðrir bílaframleiðendur kaupa frá öðrum birgjum. Til dæmis smíðar Tesla sjálft sætin í bíla sína og er með hundruð verkfræðinga að auki í verksmiðjunni í Freemont og það skýrir að hluta allan þann fjölda starfsfólks sem þar er. Forvitnilegt verður að sjá hvernig verður umhorfs á bílastæðunum fyrir utan Freemont verksmiðjuna þegar framleiðsla hefst á nýjum Model 3 bíl sem framleiða á í svo mörgum eintökum á viku. Það mun væntanlega krefjast enn fleira starfsfólks og enn meiri örtraðar á bílastæðunum fyrir utan.

### Fjórði verðmætasti bílaframleiðandi heims

Einsýnt er að Tesla mun þurfa að fjárfesta gríðarlega í nýjum verksmiðjum á næstunni, líklega fyrir meira en 1 milljarð dala. En ef áfram verður góð eftirspurn eftir bílum frá Tesla þá mun það líklega reynast Elon Musk auðvelt að sækja fjármagn til þess, eins og hingað til. Þangað hefur streymt fjármagn sem auðvelt hefur verið að sækja þar sem fjárfestar og lánastofnanir hafa tröllatrú á framtíð Tesla og á meðan hefur hlutabréfaverð í fyrirtækinu hækkað og hækkað og er Tesla nú orðinn fjórði verðmætasti bílaframleiðandi heims. Þrátt fyrir þá staðreynd hefur Tesla aldrei skilað hagnaði á heilu rekstrarári og mun væntanlega ekki gera það á næstunni. Framtíðin liggur hins vegar í rafmagnsbílum, að minnsta kosti er það trúin á Wall Street.



Tesla Model S er önnur af tveimur bílgerðum sem Tesla framleiðir í dag.




# Dræm sala Alfa Romeo Giulia

Fiat Chrysler hefur lengi haft uppi áform um að rífa upp Alfa Romeo merkið og einn þeirra bíla sem það áttu að gera er Alfa Romeo Giulia. Þessi annars fallegi bíll átti meðal annars að gera það gott í Bandaríkjunum og storka þar bílum eins og BMW 3, Audi A4 og Mercedes Benz C-Class. Í sem fæstum orðum hefur það ekki tekist vestanhafs og það langt í frá. Á þessu ári hefur Alfa Romeo tekist að selja 2.482 Giulia bíla á meðan Mercedes C-Class hefur selst í 35.436 eintökum þar, BMW 3 í 22.584 eintökum og Audi A4 í 15.379 eintökum. Allir þessir bílar eru af svipaðir stærð og teljast í lúxusbílaflokki. Meira að segja tókst Lexus að selja 3.311 eintök af CT200h bílnum sem ákveðið hefur verið að hætta að selja vegna dræmrar sölu. Sala CT200h er þó 33% betri en Alfa Romeo Giulia.

### 2,78% markaðshlutdeild

Af öðrum bílum í sama stærðarflokki sem teljast lúxusbílar seldi Acura, lúxusbílaarmur Honda, 3.958 ILX bíla og Cadillac hefur selt 6.024 ATS bíla á árinu og



Alfa Romeo Giulia

þykir salan á þeim bíl svo dræm að líka kemur til greina að hætta framleiðslu hans. Ef sala allra þessara bíla er lögð saman sést að Alfa Romeo Giulia hefur 2,78% markaðshlutdeild í þessum C-stærðarflokki lúxusbíla í Bandaríkjunum og víst má telja að Alfa Romeo hafi ætlað honum stærra hlutverk. Ekki er hægt að segja að skortur sé á eintökum af nýjum Alfa Romeo Giulia á bílasölum sem selja nýja bíla í Bandaríkjunum því þar geta kaupendur valið á milli 2.209 nýrra Giulia bíla, en það telst til meira en 4 mánaða sölu bílsins. Víða er hann nú í boði með góðum afslætti, eða allt að 2.750 dollurum og því ef til vill gott tækifæri fyrir áhugamenn um fallega bíla að krækja sér í eintak á spottprís.

# Andlitslyftur Qashqai á leiðinni

Jepplingurinn Qashqai hefur fengið andlitslyftingu og er nú enn hlaðnari búnaði en fyrr og örlítið breyttur að ytra byrði. Að utanverðu hefur framendi Qashqai breyst og er hann sannarlega enn fríðari fyrir vikið. Annars eru breytingarnar aðallega fólgnar í miklu betri einangrun og hljóðvist, nýju gullfallegu stýri með stöguðu leðri og mun meiri stjórnbúnaði, sjö hátalara hljóðkerfi, auk bætts öryggisbúnaðar. Í Tekna+ útgáfu bílsins er nappa leður, nýjar stórglæsilegar álfelgur, öflugt Bose hljóðkerfi með enn fleiri

» **Tekna+ útfærsla bílsins er sannkallaður lúxusbíll.**

hátölurum og miklu meira er lagt í innréttingu bílsins. Með þessari útfærslu bílsins er hann eiginlega enginn eftirbátur lúxusjepplinga eins og BMW X1 og Audi Q3 og fullt eins flottur að innan. Engar breytingar eru í vélarvali Qashqai frá þessari fyrstu gerð og er hann áfram í boði með 1,6 og 2,0 lítra bensínvélum og 1,5 og 1,6 lítra dísilvélum.




Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík<br>Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri<br>Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is

KOSTIR OG GALLAR
**VOLKSWAGEN E-GOLF**

- RAFMAGNSMÓTORAR
- 136 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 0,0 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 0 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 9,6 sek.
**Hámarkshraði:** 150 km/klst.
**Verð frá:** 4.150.000 kr.
**Umboð:** Hekla

Kostir:
- Útlit
- Akstureiginleikar
- Hröðun
- Verð

Gallar:
- Efnisval í innréttingu

# Framtíðin er mætt í e-Golf

Nýjasta kynslóð rafmagnsbílsins e-Golf er með 300 km uppgefið drægi, er ferlega sprækur og góður akstursbíll sem mjög ódýrt er að reka og umgangast. Þar fer fagur bíll sem fæst að auki á mjög viðráðanlegu verði.

**Reynsluakstur**
**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is






Þeim fjölgar mjög bílunum sem eingöngu ganga fyrir rafmagni og einn þeirra athyglisverðustu er örugglega Volkswagen e-Golf. Flestir rafmagnsbílar hafa verið hannaðir frá upphafi sem rafmagnsbílar og eru Tesla bílar gott dæmi um það, sem og Nissan Leaf, Renault Zoe og BMW i3. Þó má einnig finna Kia Soul sem bæði fæst sem rafmagnsbíll og með brunavélum, líkt og Volkswagen Golf. Við smíði þeirra hefur litlu þróunarfé verið eytt í hönnun glænýs bíls, heldur er brunavél systurbíla þeirra skipt út fyrir rafmagnsdrifrás og með því sparast heilmikið, enda eru þessir bílar á fínu verði. e-Golf er ekki eini hreinræktaði rafmagnsbíllinn sem fá má frá Volkswagen hér á landi, einnig er í boði Volkswagen e-up! sem er öllu smærri. Mörgum hefur fundist hvimleitt hvað margir rafmagnsbílar eru ljótir og greinilega hannaðir í þeim tilgangi að það sjáist að þar fari rafmagnsbílar. Það á ekki við um e-Golf, hann er jafn gullfallegur og aðrir Golf bílar sem bera með sér tímalausa hönnun og fágun. Almennt þykir Golf sérlega fagurlega hannaður bíll og greinarritari er á meðal aðdáenda. Fyrir vikið má vart greina e-Golf frá öðrum gerðum Golf bíla sem eru æði margar. Þetta telst til ótvíræðra kosta við e-Golf.

## Stóraukið drægi

Ný kynslóð e-Golf hefur fengið stóraukið drægi, eða 300 km uppgefið frá framleiðanda. Það drægi á þó bara við við allra bestu aðstæður og raunhæfara er að gera ráð fyrir að hann komist 200-250 km á fullri hleðslu. Þetta aukna drægi e-Golf færir bílinn nær hefðbundnum vélum með brunavélar og minnkar drægishræðslu margra við rafmagnsbíla. Flestir ættu nú að komast upp í sumarbústað á e-Golf og þar er hann bara fullhlaðinn aftur og tilbúinn í næsta túr. Í flestum tilfellum hefur fólk keypt sér rafmagnsbíl sem annan eða þriðja bíl heimilisins, en nú er svo komið að e-Golf gæti dugað þeim vel sem eini bíll sem fara ekki mikið út á land í lengri ferðir. Margir fyrstu kaupendur rafmagnsbíla keyptu sinn fyrsta rafmagnsbíl með umhverfissjónarmið í huga, enda mengar hann ekki neitt. Margir hafa þó haft í huga að rekstrarkostnaður slíkra bíla er afar lítill og óhætt að gleyma því hvar bensínstöðvar landsins eru staðsettar. Þeir henta líka mjög vel hér á landi vegna lágs rafmagnsverðs og nægs rafmagns. Annað sem skiptir svo miklu máli nú er að engin vörugjöld eru af rafmagnsbílum og enginn virðisaukaskattur upp að 6 milljónum króna. Fyrir vikið eru rafmagnsbílar ansi ódýrir á Íslandi þó svo innkaupsverð þeirra sé nokkru hærra en á brunabílum. Það á fólk að nýta sér á meðan lög um slíkt gilda, því það gæti breyst, en líklega þó ekki alveg á næstunni.






Óvenjulegt að horfa ofan í húddið á rafmagnsbílum. Mjög stílhrein og snyrtileg innrétting í e-Golf, líkt og í öllum öðrum bílgerðum Volfswagen.



> **Ný kynslóð e-Golf hefur fengið stóraukið drægi, eða 300 km uppgefið frá framleiðanda. Það drægi á þó bara við við allra bestu aðstæður.**

## Í 60 á 4 sekúndum

En hvernig er að aka e-Golf? Í einu orði sagt er það frábært. Bíllinn er ferlega sprækur og lipur, svo ekki sé talað um það að aka alveg hljóðlaust, sem er upplifun út af fyrir sig. E-Golf er 136 hestöfl og þau eru til taks frá fyrsta sekúndubroti og upptakið því magnað, enda fer hann upp í 60 km hraða á 4 sekúndum og því eins og sprækasti sportbíll. Togið er líka ansi gott í e-Golf, eða 290 Nm. Þar sem rafhlöður bílsins eru í gólfi hans er þyngdarpunkturinn lágur og það bætir aksturseiginleika e-Golf. Óhætt er að fullyrða að akstur e-Golf er fullt eins ánægjulegur og annarra Golf bíla með brunavél. Þó verður kannski að undanskilja kraftabílana Golf GTI og Golf R, sem eru kapítuli út af fyrir sig. Volkswagen e-Golf var ekið um daginn á frábærum vegum Miðjarðarhafseyjunnar Mallorca og þar var einnig í boði að aka Golf GTE tengiltvinnbílnum. Akstur þeirra var eiginlega jafn frábær, þarna fara einfaldlega tveir frábærir bílar sem bera vitni um afburða verkfræðilega getu Þjóðverja og Volkswagen. Undirvagn bílsins virðist afar vel stilltur og fjöðrunin því mjög skemmtileg og hæfilega stíf. Stýring bílsins er nákvæm og tilfinning fyrir vegi til fyrirmyndar.

## Rafmagnsbílar frábær kostur

Allt er bara svo fágað við bílinn að undrum sætir. Hann er svo þéttur og traustvekjandi að erfitt er að ímynda sér að hann sé búinn drifrás sem er til í miklu minna mæli en 1% bíla heimsins, líklega nær 0,1%. Rafmagnsbílar eru greinilega málið, enda dagljóst að sýn bílaframleiðenda heimsins beinist þangað. Þeir sem eiga eftir að prófa að aka rafmagnsbíl ættu að reyna hann þennan. Undrum sætir að 35,8 kWh öflugar rafhlöður bílsins bitna svo til ekkert á innanrými e-Golf og skottplássið er gott að auki. Í grunnútfærslu er e-Golf svo vel búinn að furðu sætir. Hann er með 8 tommu aðgerðaskjá, 8 hátalara hljóðkerfi, tvískipta hitastýrða miðstöð, allar mögulegar tengingar, hita í sætum og framrúðu, birtustilltan baksýnisspegil, LED aðalljós og afturljós, baksýnismyndavél og sjálfvirkar rúðuþurrkur, svo eitthvað af ríkulegum búnaðinum sé nefnt. e-Golf fæst frá 4.150.000 kr. og er ekki mikið dýrari en miklu aflminni og vel útbúin ódýrasta gerð Golf með brunavél. Auk þess er miklu ódýrara að reka e-Golfinn. Þeir sem eru í leit að öðrum, eða jafnvel eina bíl heimilisins, ættu að íhuga kaup á rafmagnsbíl, ekki síst þessum kostagrip, e-Golf.




**SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR NÝJAN SUZUKI SWIFT.**

SUZUKI

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# BÍLAR

## Hefst framleiðsla aftur á Audi R8 e-tron rafmagnsbílnum?

Í október síðastliðnum hætti Audi framleiðslu á R8 e-tron sportbílnum sem var hreinræktaður rafmagnsbíll og mjög öflugur sportbíll að auki. Í ljósi þess að hvert eintak hans kostaði um eina milljón evra kom kannski ekki svo mikið á óvart að framleiddir voru aðeins um 100 bílar. Nú greinir bílatímaritið Car and Driver hins vegar frá því í viðtali við Peter Mertens, forstjóra Audi, að fyrirtækið hyggi á arftaka hans eða framhaldssmíði bílsins. Þróunarstjóri Volvo hefur einnig



Audi R8 e-tron

látið hafa eftir sér að Volvo gæti vel hugsað sér að fylla upp í það gat sem Audi skildi eftir er það hætti smíði R8 e-tron og það vekur ef til vill enga gleði á heimavelli Audi ef Volvo hyggst smíða ofursportbíl með rafmagnsdrifrás, í ætt við R8 e-tron. Aðspurður hvort hann sæi þetta gerast á næstunni svaraði Peter Mertens því játandi og að það væri sannarlega í áætlunum Audi. Mertens bætti því við að fyrir bílamerki eins og Audi væri að sjálfsögðu eftirsóknarvert að bjóða bíl í slíkum flokki og að Audi hefði fram að þessu verið stór þátttakandi í flokki rafmagnsbíla og tengiltvinnbíla með krafta í kögglum. Mertens sagði að til greina kæmi að nýr sportbíll með rafmagnsdrifrás gæti fengið 800 volta hleðslukerfi, þó svo það yrði dýrt. Slíkt myndi bæta talsverðum kostnaði við bílinn og að Audi þyrfti að vega og meta hvort væntanlegri kaupendur slíks bíls væru tilbúnir að bæta þeim aukakostnaði við sig. En þar sem um mjög dýran og öflugan rafmagnssportbíl væri að ræða, ætti það ekki að vera hindrun, kaupendurnir væru hvort sem er mjög efnaðir.



## Gerbreyttur nýr A-Class

Mercedes Benz vinnur nú að smíði nýrrar kynslóðar minnsta fólksbíls fyrirtækisins, A-Class. Búist er við því að Benz frumsýni bílinn á bílasýningunni í Frankfurt í haust og að hann komi á markað skömmu síðar. Bíllinn verður bæði framleiddur í stallbaksútfærslu og sem „sedan“-bíll og sú útgáfa hans verður gerbreytt í útliti frá fyrri gerðum A-Class. Sú útfærsla bílsins mun fara í sölu í Bandaríkjunum, en Mercedes Benz hefur aldrei selt A-Class þar áður, ekki síst vegna þess að smáir bílar með stallbakslagi hafi ekki átt upp á pallborðið hjá bandarískum kaupendum.

Annað gæti átt við A-Class með hefðbundnu skotti og Mercedes Benz ætlar þeim bíl að draga marga nýja kaupendur að Benz bílamerkinu og líklega verður hann seldur á ekki mikið meira en 30.000 dollara vestanhafs, eða rétt ríflega 3 milljónir króna. Nýr A-Class verður smíðaður á MFA undirvagninum sem einnig er að finna undir CLA, GLA og B-Class bílunum. A-Class verður áfram í boði í AMG-kraftaútfærslum og AMG A40 og AMG A45 bílar verða líklega 340 og yfir 400 hestöfl og því rammir að afli fyrir svo smáa bíla. Grunnútfærslur A-Class verða í boði með 1,6 lítra bensínsvél og 1,5 lítra dísilvél, en þó báðum endurbættum og bæði öflugri en fyrr sem og sparneytnari á eldsneytið. Í boði verður 6 gíra beinskipting og tveggja kúplinga sjálfskiptingar, 7 til 9 gíra.



## Jaguar I-Page rafmagnsbíllinn kominn í framleiðslu

Jaguar hefur nú þegar hafið raðsmíði rafmagnsjeppans I-Page, en hann var fyrst kynntur til sögunnar fyrir um ári á bílasýningunni í Los Angeles. Jaguar ætlar að hefja sölu hans síðar á þessu ári. Það er austurríska fyrirtækið Magna Steyr sem sér um framleiðslu rafmagnsjeppans fyrir Jaguar. Magna Steyr hefur verið í ráðum með Jaguar allt frá hönnunarstigum jeppans og það hefur gert það að verkum að nú þegar eru fyrstu bílarnir fullsmíðaðir, þó að eitthvað sé í að fyrstu kaupendur hans fái þá afhenta. Í Jaguar I-Page verða 90 kWh rafhlöður sem duga til 350 km aksturs með fullri hleðslu. I-Page er 400 hestöfl og togar 700 Nm með sinni öflugu rafmagnsdrifrás, svo ekki ætti að vanta kraftinn í þennan bíl. Hægt verður að hlaða hann að 80% marki á aðeins 90 mínútum. Búast má við því að I-Page kosti rétt undir 7 milljónum króna þegar hann verður falur almenningi og verður því ódýrari en Tesla Model X jeppinn, sem þó er öllu stærri. I-Page jeppinn verður til sýnis á bílasýningunni í Frankfurt í september, en ekki er ljóst hvort hann verður kominn í sölu fyrir þann tíma.


4x4
SUMARÆVINTÝRI
SSANGYONG
SUMARLEGIR KAUPAUKAR
OG FERÐAVINNINGAR




REXTON
VERÐ FRÁ: 4.990.000

FJÓRHJÓLADRIFIÐ FERÐALAG ALLAN HRINGINN

**Sumarævintýri SsangYong bíður þín -** SsangYong útvegar ferðaglöðum Íslendingum réttu græjurnar til að upplifa spennandi ævintýri allan hringinn. Kaupum á fjórhjóladrifnum Rexton, Korando og Tivoli jeppum fylgja nú sumarlegir kaupaukar og í sumarlok drögum við út glæsilega ferðavinninga; tvær helgarferðir fyrir tvo til Kaupmannahafnar með aðgangi að Tivolí. **Taktu þátt í Sumarævintýri SsangYong.**

KAUPAUKAR
DRÁTTARKRÓKUR
FERÐAGRILL
KÆLIBOX
ÚTILEGUTASKA
FERÐAVINNINGUR
TIVOLI

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

SSANGYONG

Verið velkomin í reynsluakstur! | benni.is.

Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bílaríki, Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

Opið:
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM OKKAR LEGSTEINUM



NR. 116-5
VERÐ KR. 186.000
~~316.100~~

NR. 2042
VERÐ KR. 149.900
~~276.600~~

NR. 2046
VERÐ KR. 270.220
~~408.900~~

NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 265.420
~~402.900~~

NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 329.420
~~482.900~~

NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 297.420
~~442.900~~

NR. 2021
VERÐ KR. 304.620
~~451.900~~

NR. 115
VERÐ KR. 369.420
~~532.900~~

NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 313.420
~~462.900~~

NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 385.420
~~552.900~~

ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚIN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




MÖRKINNI 4,
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




**HÚSASMIÐIR GETA BÆTT VIÐ SIG VERKUM Í ÁGÚST.**

Þak viðgerðir,glugga og hurða ísetning,Sumarhús. Sökklar uppslátt, Get tekið að mér Byggingarstjórn. Tilboð ,Tímavinna. Upplýsingar í s 893-5374 eða nybyggd@gmail.com

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

# Heilsa

## Nudd

Býð upp á heilnudd og slökun, íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. S. 894 4817

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**ÍBÚÐ TIL LEIGU Í VESTURBÆNUM**

Tveggja herbergja 60 fm íbúð til leigu til skemmri tíma í Vesturbænum, íbúðin leigist með húsgögnum. Íbúðin er laus nú þegar. Nánari upplýsingar hagarnir107@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com






## Húsnæði óskast

### Ártúnsholt / Árbær

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,** Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
**sendtohelgi@gmail.com**

## Tilkynningar

# FRAMKVÆMDALEYFI

**fyrir Sandskeiðslínu I**

Landsnet sækir með umsókn sinni, dags. 29.12.2016, um framkvæmdaleyfi fyrir Sandskeiðslínu 1 á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Matsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Framkvæmdum vegna Sandskeiðslínu er lýst í framkvæmdaleyfisumsókn og fylgiskjölum. Framkvæmdaleyfi er veitt á grundvelli þeirra og fylgigögnum í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr.772/2012 .

Sjá gögn á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
**585 5500**

HAFNARFJÖRÐUR

Íslenska GLAMOUR




GLAMOUR fylgir með
Stóra- og Risapakkanum

Kynntu þér málið á 365.is
365

## Fasteignir

# EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

### Selbraut 34, 170 Seltjarnarnesi



Mjög fallegt og mikið endurnýjað samtals 217,8 fm raðhús á tveimur hæðum við Selbraut á Seltjarnarnesi. Húsið skiptist m.a. í stofu, borðstofu, sjónvarpshol, fjögur herbergi, baðherbergi, snyrtingu og þvottahús. Tvöfaldur bílskúr (41,1 fm). Afgirtur garður með timburverönd. Hellulagt plan fyrir framan húsið og pallur. **Verð: 89 millj.**

**Nánari uppl. veitir Magnea S. Sverrisdóttir lögg. fasteignasali s. 861 8511, magnea@eignamidlun.is**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

búmenn

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Akralind 4
201 Kópavogi
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

## Búmenn auglýsa íbúð

**Búseturéttur á markaðsverði**

### Akurgerði 25, íb. 104, sem er fjölbýlishús í Vogum

Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð, 46,1 fm að stærð í fjölbýlishúsi í Vogum. Íbúðin er laus nú þegar. **Ásett verð búseturéttarins er kr. 1.950.000 og eru mánaðargjöldin um kr. 99.000-.**



*Innifalið í mánaðargjaldi íbúðanna er fjármagnskostnaður, fasteignagjöld, bruna- og fasteignatrygging, viðhaldssjóður, þjónustugjald og rekstrarsjóður þar sem það á við.*

Þeir sem hafa áhuga á að skoða íbúðina hafið samband við skrifstofu Búmanna.

Hægt er að fá nánari upplýsingar á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl 9-12 og 13-15.
Einnig er hægt að nálgast nánari upplýsingar um íbúðina á heimasíðu félagsins **www.bumenn.is**



SUMARLEIÐIN

11GB

FYRIR AÐEINS

2.590 KR.

Á mánuði

Fullt af **gagnamagni**
fyrir aðeins minna.

SKRÁÐU ÞIG Á **365.IS**

365

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Í dag verður áfram hægur vindur á landinu. Hins vegar verður mikið af skýjum á lofti og spáð er rigningarskúrum á víð og dreif um landið. Hiti 10 til 15 stig.




### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° ↖ 11 | 10° ↖ 6 | 14° ↑ 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 14° ↖ 2 | 12° ↖ 7 | 6° ↑ 10 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° → 6 | 10° ↑ 3 | 12° → 1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 12° ↑ 10 | 10° ← 5 | 8° ↑ 8 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 7 | 9 | 8 | | | 2 | 6 |
| 6 | | 9 | 5 | | | | 4 | |
| 8 | | 2 | 7 | 6 | | 5 | | |
| | | | | | 9 | | 3 | 8 |
| 2 | 6 | | | | 1 | | 7 | 4 |
| 3 | | 4 | | | 6 | | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | | | 5 | 7 | 6 | |
| | 5 | | 2 | | | 3 | 1 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | | 9 | | 4 | | | |
| 3 | | | 2 | | 6 | 8 | | 4 |
| | | 9 | | | | | 5 | |
| 8 | 9 | 3 | | 6 | | | | |
| | 4 | | | | 5 | | | |
| | | | 4 | 2 | | | 6 | |
| | | | | | 1 | | | 6 |
| 1 | 5 | | 3 | | | | | |
| | 3 | | | 8 | 9 | 5 | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 8 | | 2 | |
| 1 | | | | | | | 6 | |
| | | | 1 | | | | | 7 |
| 7 | | | 4 | 6 | | | 9 | 3 |
| 8 | | | | | | | | |
| | 6 | | | 9 | | | | 2 |
| | 1 | 8 | 3 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | 5 | |
| | | 3 | | | 1 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 |
| 8 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 3 | 7 | 9 | 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 1 | 4 | 7 | 5 | 6 | 8 | 3 | 2 | 9 |
| 9 | 8 | 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 9 | 8 | 2 | 7 | 3 | 6 |
| 7 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 8 | 2 | 1 | 4 | 5 | 3 |
| 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 |
| 5 | 4 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 2 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 2 | 8 | 3 | 5 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 |
| 3 | 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 7 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 |
| 6 | 1 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 1 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 2 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 1 | 9 | 6 | 4 | 7 | 2 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. land
6. rún
8. vefnaðarvara
9. kirna
11. tveir eins
12. óstilltur
14. rófa
16. pot
17. af
18. óðagot
20. pfn.
21. traðkaði

**LÓÐRÉTT**
1. lummó
3. stefna
4. trjátegund
5. eyrir
7. starfræksla
10. kusk
13. skarð
15. rótartauga
16. margsinnis
19. eldsneyti




**LÁRÉTT:** 2. Kúba, 6. úr, 8. tau, 9. ker, 11. rr, 12. ókyrr, 14. skott, 16. ot, 17. frá, 18. fum, 20. ég, 21. tróð.
**LÓÐRÉTT:** 1. púkó, 3. út, 4. barrtré, 5. aur, 7. rekstur, 10. ryk, 13. rof, 15. tága, 16. oft, 19. mó.

## Skák Gunnar Björnsson

Gogilea átti leik gegn Ghinda í Rúmeníu árið 1981.
**Svartur á leik**
**1...Hxh2! 2. Kxh2 Bf2+ 3. Kg2 Hh2+ 4 Kxh2 Dh4+ 5. Kg2 Dg3+ 6. Kh1 Dh3# 0-1.**
Magnus Carlsen vann öruggan sigur á at- og hraðskákinu sem lauk í Leuven í Belgíu í fyrradag.
**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.











## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



*Funheitur*

# Sumarleikur FJARÐARKAUPA

## Glæsilegir vinningar

Snjallúr 42 mm Gold
eitt með öllu

iPhone 7 32 GB Gold frá Epli
sími sem getur allt

ÓB bensínúttektir
10.000 á tankinn

Hamborgaraveislur frá Grill 66

Helgarferð með Heimsferðum
fyrir 2 til Ljubljana með Heimsferðum

Þyrluflug með Norðurflugi
útsýnisflug fyrir 2

Miðar á þjóðhátíð í Eyjum
þar sem fjörið er

Apple TV 32GB
sjónvarpsáhorf, leikjaspilun og tónlistarflutningur










## Dregið út í beinni á Bylgjunni alla laugardaga frá 24. júní - 4. ágúst

Þátttaka er einföld. Þú verslar í Fjarðarkaupum, fyllir út miða og setur hann í sérmerktan kassa í versluninni og ert þar með komin/n í pottinn.

Heimsferðir · HELICOPTER.IS NORÐURFLUG · ÞJÓÐHÁTÍÐ · EPLI · ÓB · GRILL 66

Verið velkomin í **FJARÐARKAUP** *–einstök stórverslun*

**FK**

**Opið**: Mánudaga - miðvikudaga frá kl. 9 - 18 / fimmtudaga kl. 9 - 18.30 / föstudaga kl. 9 - 19 / laugardaga kl. 10 -16 / sunnudagar lokað. **www.fjardarkaup.is**

# Smitast af andagift Gunnars og flýg með

**Helga Bryndís Magnúsdóttir og Gunnar Kvaran spila í fyrsta sinn saman í kvöld í Sigurjónssafni. Auk tilbrigða Beethovens við stef Mozarts og Händels og sónötu Sjostakovítsj er frumflutningur verks eftir Jónas Tómasson.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Tónleikasumarið 2017 í Sigurjónssafni á Laugarnestanga hefst í kvöld. Þá leika Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari og Gunnar Kvaran sellóleikari saman, meðal annars tólf tilbrigði eftir Beethoven um stef úr óratóríunni Judas Maccabäus eftir G.F. Händel og sjö tilbrigði um stef úr óperunni Töfraflautan eftir W.A. Mozart.

„Beethoven er tilbrigðasnillingur mikill, þar er endalaus hugmyndaauðgi,“ segir Helga Bryndís glaðlega og kemur með góða sögu um samfundi meistaranna Beethovens og Mozarts, þegar sá fyrrnefndi var bara 17 ára en Mozart orðinn mikið númer. „Beethoven fékk að spila fyrir Mozart sem var ekkert uppveðraður en segir samt: „Heyrðu, ég er hérna með stef sem þú mátt leika þér með.“ Bethooven tók hann á orðinu, enda var það ákveðinn partíleikur þess tíma að taka stef og spinna yfir þau. Mozart varð svona líka hrifinn og sagði: „Heimurinn á eftir að heyra mikið um þennan mann.“ Þetta sýnir að Beethoven varð snemma snillingur í að taka vinsæl stef og snúa upp á þau þannig að hvert og eitt varð sem nýtt og ferskt.“

Næst segir Helga Bryndís sögu af verki Jónasar Tómassonar sem þau Gunnar ætli að frumflytja. „Erling Blöndal Bengtsson sellóleikari lést fyrir um fjórum árum og Jónas samdi þetta verk til minningar um hann og gaf ekkjunni. Það heitir Til Merete. Þetta hefur aldrei, svo við vitum, verið flutt áður opinberlega og Jónas verður viðstaddur ásamt konu sinni.“

Þá er enn eitt verk óupptalið, það er Sónata ópus 40 í d-moll fyrir selló og píanó eftir Sjostakovítsj. Helga Bryndís segir upplifun fyrir sig að spila það með Gunnari því hann þekki það út og inn og hafi spilað það margoft. „Ég smitast af andagift Gunnars og flýg með, það er eins og að drekka vín sem hefur þroskast á besta hátt,“ segir hún og upplýsir að hún hafi aldrei spilað með Gunnari áður. „Nú virðist hafa verið rétti tíminn, við náðum svo vel saman,“ segir hún. „Ég hef dáðst að honum sem hljóðfæraleikara og listamanni alveg frá því ég var nemandi og það er heiður að spila með honum svona skemmtilegt prógramm.“

Sumartónleikar verða í Sigurjónssafni hvert þriðjudagskvöld fram til 15. ágúst. Kaffistofa safnsins er opin að loknum tónleikum og þar geta tónleikagestir heilsað upp á listamennina og horft yfir sundin blá.



Jónas Tómasson mætti á eina æfingu hjá Gunnari og Helgu Bryndísi og ætlar líka að koma á tónleikana. MYND/SIGRÍÐUR RAGNARSDÓTTIR




WATERPROOF

**Flísabúðin kynnir hágæða Ítalska HELIOSA rafmagnshitara**

**HELIOSA hitarar henta bæði innan- og utandyra. Hitna strax, vindur hefur ekki áhrif, vatnsheldir og menga ekki. Margar gerðir til á lager.**

Finndu okkur á facebook

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is


ICEWEAR ICELAND
Flottur barnafatnaður
á frábæru verði
Gola | Regnjakkar
Litir: Dökkblár, Rauður og Fjólublár
Stærðir: 98-104, 110-116, 122-128, 134-140, 146-152
kr. 5.990
Gola | Regnbuxur
Litir: Dökkblár, Rauður og Fjólublár
Stærðir: 98-104, 110-116, 122-128, 134-140, 146-152
kr. 4.990
Garri | Pollajakkar
Litur: Gulur
Stærðir: 86, 92, 98, 104, 110
kr. 4.990
Garri | Pollabuxur
Litur: Dökkblár
Stærðir: 86, 92, 98, 104, 110
kr. 2.750
Garri | Pollaanorakkur
Litur: Rauður
Stærðir: 86, 92, 98, 104, 110
kr. 4.990
Netverslun www.icewear.is
frí heimsending um allt land
ICE WEAR
VERSLANIR ICEWEAR
REYKJAVÍK AUSTURSTRÆTI 5 · VESTURGATA 4 · ÞINGHOLTSSTRÆTI 2-4 · LAUGAVEGUR 1 · LAUGAVEGUR 89-91 OUTLET · FÁKAFEN 9 OUTLET
GARÐABÆR MIÐHRAUN 4 · AKUREYRI HAFNARSTRÆTI 106 · VÍK Í MÝRDAL AUSTURVEGUR 20 · VESTMANNAEYJAR BÁSASKERSBRYGGJU 2








# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 4. JÚLÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** „Music with Z“ – Tónlist Monicu Zetterlund
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
„Music with Z“ er verkefni norska bassaleikarans Andreas Dreier en hann hefur nýlega gefið út hljómdisk sem inniheldur tónlist Monicu Zetterlund hjá Losens Records í Noregi. Í dagskránni er meginálhersla á tónlist sem Monica sendi frá sér á sjöunda áratug síðustu aldar. Einnig blandast í efnisskrána áhrif frá sænska saxófónleikaranum Lars Gullin og bandaríska píanóleikaranum Bill Evans en báðir tengdust Monicu.

### Viðburðir

**Hvað?** Karókípartí
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Það er karókípartí á Gauknum eins og alla þriðjudaga. Söngelskir geta spreytt sig á öllu frá Africa til Total Eclipse of the Heart.

### Sýningar

**Hvað?** Louisa Matthíasdóttir: Kyrrð
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Viðamikil yfirlitssýning á verkum listakonunnar Louisu Matthíasdóttur (1917-2000) þar sem kærkomið tækifæri gefst til að fá yfirsýn yfir feril listakonu sem á einstakan hátt hefur túlkað íslenskt landslag. Á sýningunni má vel sjá þá breidd sem býr í verkum hennar. Nærumhverfi hennar varð í langflestum tilfellum efniviður verkanna, hvort sem um var að ræða landslag, uppstillingar eða myndir af henni sjálfri.

**Hvað?** Ragnar Kjartansson: Guð, hvað mér líður illa
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Ragnar Kjartansson heldur fyrstu safnsýningu sína á heimavelli eftir sigurför á erlendri grund á undanförnum árum. Þar á meðal eru meiriháttar yfirlitssýningar í virtum söfnum báðum megin Atlantshafsins.

**Hvað?** Ásmundur Sveinsson: List fyrir fólkið
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ásmundarsafn, Sigtúni
Yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Á sýningunni er sjónum beint að öllum ferli listamannsins allt frá tréskurðarnámi hjá Ríkharði Jónssyni og til síðustu ára listamannsins. Sýnd eru verk unnin í ýmis efni, þar á meðal verk höggvin í tré, steinsteypu og brons. Á sýningunni eru jafnframt frummyndir þekktra verka sem stækkuð hafa verkið og sett upp víða um land. Hönnuður sýningarinnar er Finnur Arnar Arnarson og er framsetning verkanna með þeim hætti að í einstakri umgjörð Ásmundarsafns fá þau nýtt og kröftugt samhengi.

**Hvað?** Kjarval – lykilverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Á sýningunni gefst gott tækifæri til að kynnast mörgum lykilverkum frá ferli listamannsins og fá innsýn í þau meginstef sem voru uppistaðan í lífsverki hans. Annars vegar landið í öllum sínum fjölbreytileika og hins vegar það líf og þær táknmyndir sem Kjarval skynjaði í landinu, það sem hugurinn nemur ekki síður en það sem augað sér.

**Hvað?** Fjársjóður þjóðar – valin verk úr safneign
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Í fórum Listasafns Íslands er á tólfta þúsund verka af ýmsum gerðum, frá ýmsum löndum og ýmsum tímum. Á sýningunni Fjársjóður þjóðar er dágott úrval verka úr þessari safneign, sem gefur yfirlit yfir þróun myndlistar á Íslandi frá öndverðri nítjándu öld til okkar daga. Sýningin dregur fram, með aðstoð um áttatíu listaverka, fjölbreytni þeirra miðla og stílbrigða sem einkenna þessa stuttu en viðburðaríku sögu.


Hrafnhildur Arnardóttir, Shoplifter, sýnir í Listasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Taugafold VII
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Hrafnhildur Arnardóttir (f. 1969), einnig þekkt sem Shoplifter, er íslenskur myndlistarmaður sem búsett er í New York. Á undanförnum 15 árum hefur hún á umfangsmikinn hátt kannað notkun og táknrænt eðli hárs, og sjónræna og listræna möguleika þessarar líkamlegu afurðar. Í verkum sínum fæst hún við sögu þráhyggju mannsins gagnvart hári og hvernig má upplifa hár sem birtingarmynd sköpunar í nútíma menningu, sem tekst á við hugmyndir á mörkum þráhyggju eða blætis.



Svaka karókípartí í gangi alla þriðjudaga á Gauknum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Hvað?** Eldrúnir (Pyroglyphs)
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Upphaflegur hvati að verkinu Eldrúnir var hin ævaforna iðn járnsmiðsins sem fljótlega breyttist í tónverk ... Með orðum Steinu: „Árið 1994 eyddi ég löngum stundum í eldsmiðju Toms Joyce og tók upp myndskeið af smíði hans á járnhliði. Mér þóttu járnhlið helst til efnismikil, svo ég beindi vélinni að gneistandi og kraumandi málminum sem logarnir, þjalirnar og steðjarnir mótuðu – snöggum blossunum ... Við Tom deilum ómældri aðdáun á eldi – sem fyrirbæri og sem miðli sem umbreytir öðrum efniviði ... sem ummyndunarmiðli.“








ÚTSALA
ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR
SENDUM FRÍTT
ÚR VEFVERSLUN
ÚTSALAN ER HAFIN
NÝ VERSLUN Á SMÁRATORGI
Lín
DESIGN
SMÁRATORGI | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS




EMPIRE
Þriðja serían um tónlistarmógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifir og hrærist í tónlistarbransanum þar sem samkeppnin er afar hörð. Undir niðri ólgar spenna innan fjölskyldunnar því allir sækjast eftir völdum.

ÞRÆLGOTT
ÞRIÐJUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is
365

VEEP
Sjötta serían af þessum bráðfyndnu og margverðlaunuðu gamanþáttum þar sem Julia Louis-Dreyfus er í aðalhlutverki.



BETTER CALL SAUL
Skemmtilegir og öðruvísi þættir um Saul Goodman sem er best þekktur sem lögfræðingur Walters White í þáttaröðinni Breaking Bad.



THE LEFTOVERS
Fyrir þremur árum hvarf skyndilega hópur af fólki sporlaust af jörðinni og nú fylgjumst við með þeim sem urðu eftir og þurfa að kljást við eftirköstin.



DAWN OF THE PLANET OF THE APES
Aparnir eru duglegir að bjarga sér og hafa komið sér fyrir í skóglendi utan við San Francisco og fylgjast úr fjarlægð með hnignun manna.



THE VAMPIRE DIARIES
Skemmtilegir þættir um unglingsstúlku sem fellur fyrir pilti sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár.




KL. 07:00-20:30
BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Teen Titans Go**
**07.50 The Middle**
**08.15 Mike and Molly**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Save With Jamie**
**11.05 Mr Selfridge**
**11.50 Suits**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 X-factor UK**
**14.00 X-factor UK**
**14.50 X-factor UK**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen** Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Ísland í sumar**
**19.25 Last Week Tonight With John Oliver**
**20.00 Great News**
**20.25 Veep**
**20.55 Empire** Þriðja þáttaröðin um tónlistarmógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifir og hrærist í tónlistarbransanum þar sem samkeppnin er afar hörð. Undir niðri ólgar spenna innan fjölskyldunnar því allir sækjast eftir völdum. Bræðurnir svífast einskis og Cookie, fyrrverandi eiginkona Lyons, ætlar að fá það sem henni finnst hún eiga skilið.
**21.40 Better Call Saul**
**22.30 The Leftovers**
**23.30 Mary Kills People** Áhrifamiklir og óvenjulegir þættir um Mary Harris sem er einhleyp móðir og læknir á bráðadeild á daginn en á nóttinni vinna hún og félagi hennar heldur óvenjulega aukavinnu, það er að hjálpa fólki sem er dauðvona að kveðja þennan heim á eigin forsendum.
**00.15 Orange is the New Black**
**01.15 Queen Sugar**
**02.00 Shetland** Vandaðir breskir sakamálaþættir frá BBC. Þættirnir fjalla um lögreglumanninn Jimmy Perez sem starfar í afskekktum bæ á Hjaltlandseyjum og fær á borð til sín afar snúin sakamál.
**03.00 Shetland**
**04.00 The Night Of** Hörkuspennandi þættir frá HBO um mann sem kynnist konu og á með henni næturgaman. Daginn eftir finnst hún látin, hann er ákærður fyrir morðið á henni og upphefst flókin rannsókn á málinu.
**05.20 Ellen**
**06.00 The Middle**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30 Inkasso deildin. ÍR– Leiknir R.**
**09.10 Pepsí deild karla. Breiðablik – FH**
**10.50 Sumarmótin 2017**
**11.25 Premier League World**
**11.55 Borgunarbikarmörkin**
**13.10 NBA - Final Game**
**17.35 Pepsí deild kk. Breiðablik – FH**
**19.15 Pepsí deild kvk. Breiðablik – Þór/KA**
**20.55 Pepsímörk kvenna**
**21.55 Borgunarbikarmörkin**
**23.10 1 á 1**
**23.40 Formúla E**

## STÖÐ 3

**17.45 Raising Hope**
**18.10 The New Girl**
**18.30 Community**
**18.55 Modern Family**
**19.20 Mayday**
**20.05 Last Man Standing**
**20.30 Sleepy Hollow**
**21.15 The Vampire Diaries**
**22.00 The Wire**
**23.00 Modern Family**
**23.20 Mayday**
**00.05 Last Man Standing**
**00.25 Sleepy Hollow**
**01.10 The Vampire Diaries**
**01.50 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Dóra könnuður**
**07.24 Mörgæsirnar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**09.00 Lína langsokkur**
**09.25 Hvellur keppnisbíll**
**09.37 Ævintýraferðin**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Víkingurinn Viggó**
**10.11 Zigby**
**10.25 Stóri og Litli**
**10.38 Skógardýrið Húgó**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**13.00 Lína langsokkur**
**13.25 Hvellur keppnisbíll**
**13.37 Ævintýraferðin**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Víkingurinn Viggó**
**14.11 Zigby**
**14.25 Stóri og Litli**
**14.38 Skógardýrið Húgó**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**17.00 Lína langsokkur**
**17.25 Hvellur keppnisbíll**
**17.37 Ævintýraferðin**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.37 Ævintýraferðin**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Víkingurinn Viggó**
**18.11 Zigby**
**18.25 Stóri og Litli**
**18.38 Latibær**
**19.00 Dino Mom**



Mörgæsirnar kl. 07.24, 11.24 og 15.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.55 Quicken Loans National**
**11.55 Quicken Loans National**
**14.55 PGA Highlights**
**15.50 KPMG Women's PGA Championship**
**18.50 Golfing World**
**19.40 KPMG Women's PGA Championship**
**22.40 KPMG Women's PGA Championship**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.50 The Walk**
**12.50 Julie & Julia**
**14.50 The Last of Robin Hood** Rómantísk bíómynd frá árinu 2013 sem fjallar um ævisögu Hollywood-leikarans Errols Flynn. Með aðalhlutverk fara Kevin Kline, Susan Sarandon og Dakota Fanning.
**16.20 The Walk**
**18.20 Julie & Julia**
**20.25 The Last of Robin Hood**
**00.10 Klovn Forever** Geggjuð gamanmynd frá 2015. Önnur myndin frá dönsku kumpánunum Frank og Casper en nú reynir á vináttu þeirra þegar Casper ákveður að flytja frá Danmörku til Los Angeles til að eltast við frekari frægð og frama. Frank er ákveðinn í að vinna vináttu Caspers á ný og eltir hann til LA, en það getur ekki endað nema með ósköpum.
**01.50 Jarhead**
**03.50 Dawn Of The Planet Of The Apes** Í fyrri myndinni, Rise of the Planet of the Apes, öðlast aparnir gáfur og getu til að tala mannamál í kjölfar tilrauna á heila þeirra. Nú eru liðin 10 ár og skæð veira hefur lagt að velli stóran hluta mannskyns og apa.

## RÚV

**16.55 Íslendingar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Hopp og hí Sessamí**
**18.25 Drekar**
**18.50 Vísindahorn Ævars**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Leiðin á EM**
**20.05 Orðbragð**
**20.35 Veröld Ginu**
**21.05 Skytturnar**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Afturgöngurnar**
**23.15 Skömm**
**23.45 Fallið**
**00.45 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Jane the Virgin**
**10.35 Síminn + Spotify**
**13.35 Dr. Phil**
**14.15 Superstore**
**14.40 Million Dollar Listing**
**15.25 American Housewife**
**15.50 Remedy**
**16.35 King of Queens**
**17.00 The Good Place**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**19.10 The Late Late Show with James Corden**
**19.50 The Great Indoors**
**20.15 Royal Pains**
**21.00 Scorpion**
**21.45 Scream Queens**
**22.30 Casual**
**23.00 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**23.40 The Late Late Show**
**00.20 CSI Miami**
**01.05 Code Black**
**01.50 Imposters**
**02.35 Quantico**
**03.20 Sex & Drugs & Rock & Roll**
**03.50 Scorpion**
**04.35 Scream Queens**
**05.20 Casual**
**05.50 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




**Það er allt undir á fimmtudaginn!**

Fyrri leikurinn endaði 0-0 og því er allt opið.
Nú þurfum við að fylkja okkur á bak við liðið og öskra þá áfram í EVRÓPU!
Við hvetjum alla Valsara til að mæta í rauðu og búa til ógleymanlega stemningu.
Mættu snemma, fáðu þér hamborgara og hitaðu upp í góðum félagsskap.

**ALLIR Á VÖLLINN!**
**ÁFRAM VALUR!**

MUNCK ÍSLANDI | macron | Bílaleiga Akureyrar Europcar | Coca-Cola | N1 | NORÐURÁL | 10-11 | VALSMENN FJÁRFESTINGAFÉLAG

# Á erfitt með að standast Gucci-veskin

Bloggarinn **Lína Birgitta Camilla Sigurðardóttir** hefur brennandi áhuga á tísku og er alltaf flott til fara. Lífið í Fréttablaðinu fékk að spyrja hana út í fatastílinn hennar.

*Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?* Ég myndi segja að ég sé með frekar afslappaðan og „casual"-stíl en mér finnst mjög gaman að dressa mig upp og gera mig fína.

*Áttu þér uppáhaldsflík?* Ég á nokkrar flíkur sem eru í miklu uppáhaldi hjá mér en flík númer eitt er allan daginn svört aðsniðin kápa sem ég keypti á útsölu í Zöru fyrir nokkrum árum og það sést ekki á henni! Persónulega finnst mér falleg, aðsniðin kápa vera flík sem allir ættu að eiga.

*Hvaða verslanir eru í uppáhaldi?* Zara er líklega mín uppáhalds þar sem ég versla rosalega mikið þar. Annars eru Stradivarius, Bershka og H&M í miklu uppáhaldi þegar ég er erlendis.

*Er eitthvað sem þú ert sérstaklega hrifin af?* Ég er sjúk í veski og get varla farið til útlanda án þess að næla mér í eitt stykki! Gucci er í miklu uppáhaldi hjá mér og það getur verið mjög erfitt að standast þau.

*Gengur þú mikið með skart og aukahluti?* Ég myndi ekki segja að ég gangi með mikið af skarti en ég elska lítið skart eins og fíngerð hálsmen. Hins vegar geng ég alltaf með úr og yfirleitt með hvítar perlur í eyrunum. Annars sérðu mig varla fara út úr húsi án þess að vera með veski, mér líður eins og það vanti eitthvað ef ég er ekki með veski á mér.

*Hvaða aukahlutur er í uppáhaldi?* Ég verð að segja bleik-fjólubláa Gucci-velúrveskið mitt sem ég fékk fyrir stuttu en liturinn á því poppar öll dress upp!

*Ertu dugleg að endurnýja í fataskápnum?* Ég er mjög dugleg að endurnýja fataskápinn minn. Það er ekki til safnari í mér þar sem ég fæ leiða á flestu sem ég fæ mér með tímanum. Ég er bæði dugleg að gefa og selja fötin mín. Mér finnst skipta miklu máli að endurnýja fataskápinn reglulega því ég tengi föt og tilfinningar saman og finnst gott að fá mér eitthvað sem lyftir mér upp eins og litríkar flíkur.

*Er einhver tískubylgja þessa stundina ofmetin að þínu mati?* Ég get ekki nefnt neitt í fljótu bragði en ég elska hvað það eru engar „reglur" þegar það kemur að tísku. Fólk klæðir sig einfaldlega í það sem það vill og ég er að fíla það!



**Fjólubláa Gucci-veskið er í miklu uppáhaldi hjá Línu þessa stundina.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Svört, aðsniðin kápa er skyldueign að mati Línu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




# Kitten-hælarnir eru komnir aftur

Það eru skiptar skoðanir á svokölluðum kitten-hælum sem þóttu svo flottir fyrir um 15 árum. Þessi litlu hælar, sem eru gjarnan í kringum þriggja eða fjögurra sentímetra háir, eru víst komnir aftur í tísku, mörgum til mikillar undrunar. En fyrirsætan og sjónvarpskonan Alexa Chung, sem þykir ein sú allra best klædda í bransanum, klæddist slíkum skófatnaði um helgina. Alexa lét sig ekki vanta á tískusýningu Miu Miu á tískuvikunni í París og þar klæddist hún kitten-hælum frá tískuhúsi Miu Miu. Þá er það víst staðfest, kitten-hælarnir eru opinberlega komnir aftur. **– gha**

**KITTEN-HÆLAR VORU VINSÆLIR Á SJÖTTA ÁRATUG SEINUSTU ALDAR OG TÍSKUBYLGJAN ENTIST Í HEILAN ÁRATUG. Í KRINGUM ÁRIÐ 2003 KOMU ÞEIR SVO AFTUR STERKIR INN.**



**Kitten-hælarnir sem Alexa Chung klæddist eru frá Miu Miu og kosta 92.000 krónur.**



**Alexa Chung á tískuvikunni í París.**
NORDICPHOTOS/GETTY




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI
ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS

AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR SKODA
• Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Skoda.
• Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.
ŠKODA
Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.
bílson - VERKSTÆÐIÐ -
Kletthálsi 9 • Sími 568 1090
Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

Skemmtanir
Árshátíðir
Grímuböll
Dimmisjón
ofl. & ofl.
Ykkar skemmtun....
....okkar fókus
Hókus Pókus
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

L-Mesitran
Náttúruleg sáragræðsla með hunangi
Hunangsplástur og sárakrem með hunangi. Hentar á allar tegundir sára. Plásturinn hentar vel á lítil yfirborðssár. Nauðsynlegur á sára hæla eftir göngur.
- Fæst í apótekum -
Williams & Halls
www.wh.is

Þarftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann
elja
Starfsmannaþjónusta
Láttu okkur ráða
Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS



Dauðyflin ætla að taka dágóðan hring í Bandaríkjunum og keyra um sjö klukkustundir á dag.

# Þrjátíu tónleikar á þrjátíu og einum degi

Dauðyflin hefja tónleikaferðalag sitt um Bandaríkin í dag þar sem þau fylgja eftir nýjustu plötunni sinni. Þau keyra sirka sjö tíma á dag í heilan mánuð en eru ekki stressuð enda ákaflega vel undirbúin.

Hljómsveitin Dauðyflin ferðast í dag vestur um haf og ætlar að keyra um Bandaríkin þver og endilöng til að fylgja eftir síðustu plötu sinni, Ofbeldi, sem kom út í maí síðastliðnum.

Sveitin kemur fram á hvorki meira né minna en 30 tónleikum á 31 degi.

„Við byrjum í Olympia í Washington-ríki og förum síðan ansi vænan hring. Við erum að fara að keyra að meðaltali svona sjö klukkutíma á dag,“ segir Alexandra, söngkona sveitarinnar, en hennar bíður talsverður akstur hvern einasta dag næsta mánuðinn eða svo, en þó harðneitar hún því að þetta sé eitthvert stress.

„Nei, þetta er allt klappað og klárt. Við erum líka þrjú í hljómsveitinni sem erum líka í hljómsveitinni Börn sem hefur tekið svona túr áður. Það var bara mjög gaman – maður dettur í ákveðna rútínu; vakna, keyra, spila, sofa. Ég geri ráð fyrir því að þetta verði alveg jafn skemmtilegt.“




> **ÞAÐ VAR BARA MJÖG GAMAN – MAÐUR DETTUR Í ÁKVEÐNA RÚTÍNU; VAKNA, KEYRA, SPILA, SOFA.**

Blaðamaður fer ósjálfrátt að bera saman akstur æsku sinnar, sem var óbærilega langur, og allan þennan akstur sem Dauðyflanna bíður og blöskrar nánast.

*Eruð þið ekki orðin ansi góð í öllum svona akstursleikjum eins og gulum bíl og hvað þetta nú allt heitir?* „Við spilum einmitt leik þar sem á að taka eftir dýrum og eigna sér dýrin sem maður sér. Síðan ef maður sér löggubíl er hægt að stela dýrum af öðrum og ef maður sér kirkju drepur maður dýrin hjá öllum öðrum en sjálfum sér. Þetta er sem sagt leikur sem bandarískir hljómsveitarvinir okkar kenndu okkur.“

Eins og áður sagði eru Dauðyflin að fylgja eftir nýjustu plötunni sinni og munu halda því áfram eftir heimkomuna – þau munu túra um Bretland og Írland í september og svo stefna þau á að taka upp eina sjö tommu fljótlega eftir heimkomuna úr þessari miklu reisu um Bandaríkin. **stefanthor@frettabladid.is**

# Skilaði skarti að andvirði 832 milljónir

Ástralska fyrirsætan Miranda Kerr afhenti nýverið skart að andvirði um 832 milljónir króna til bandaríska dómsmálaráðuneytisins. Skartið fékk hún að gjöf árið 2014 frá malasíska fjárfestinum Low Taek Jho, sem er talinn eiga þátt í stóru fjársvika- og peningaþvottamáli sem er til rannsóknar hjá bandarískum yfirvöldum.

Málið varðar malasíska sjóðinn 1MDB sem Najib Razak, forsætisráðherra Malasíu, stofnaði. Sjóðurinn er í eigu malasíska ríkisins og skartið mun hafa verið keypt fyrir fé úr sjóðnum en Low Taek Jho hafði aðgang að fé og eignum sjóðsins. Miranda og Low Taek Jho eru sögð hafa átt í rómantísku sambandi á þeim tíma sem hann gaf henni skartið.

Talsmaður Miröndu greindi frá að hún væri tilbúin til að aðstoða lögregluna við rannsókn málsins eftir bestu getu.

Þess má geta að leikarinn Leonardo DiCaprio hefur einnig dregist inn í málið en hann afhenti í fyrra eignir sem hann fékk í gjöf frá Jho Low, þar á meðal málverk eftir Picasso. **– gha**


**Miranda Kerr lagði sitt af mörkum við rannsókn á stóru fjársvikamáli.** NORDICPHOTOS/AFP

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


56 %
DÖKKT
SÚKKULAÐI
NÝTT
HRAUN
Nýtt Hraun með 56% dökku súkkulaði.
Þú verður að prófa!
56 %
DÖKKT
SÚKKULAÐI
Hraun
alltaf gott í bitum
Hraun
Icelandic milk chocolate wafers
GÓÐGÆTI FRÁ GÓU
Stofnað 1968

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



## Trúir þú á tylliástæður?

Reglulega ræði ég við sýrlenska vini mína um gang mála þar í landi. Einn þeirra er fluttur aftur heim og telur að stríðinu sé að ljúka nema ný tylliástæða finnist til að kynda undir því að nýju. Frásögn þeirra er athyglisverð því hún gengur í berhögg við það sem ég les í fjölmiðlum og því langar mig að deila henni með ykkur. Þeir tala ekki um uppreisn eða borgarastríð heldur innrás, þar sem vopnin, ástæðan sem og nánast allir árásarmenn koma að utan. Þetta hefur ekkert með svokallað „arabískt vor“ að gera heldur olíuleiðslur og dreifingu sem Rússar og Sýrlendingar standa fyrir í trássi við vilja Bandaríkjamanna.

Bashar al Assad var lýðræðislega endurkjörinn árið 2014. Þeir telja hæpið að hann hafi beitt efnavopnum. Sem dæmi nefna þeir að síðast þegar þeim var beitt var Sýrlandsher, með dyggri hjálp Rússa, við það að reka ISIS-liða af höndum sér. Af hverju ætti hann að beita efnavopnum, nánast með unnið spil? Af hverju gerði hann það þá ekki þegar hann átti undir högg að sækja? Af hverju gegn þegnum sínum? Efnavopnaárásin gjörbreytti afstöðu Bandaríkjaforseta sem áður hafði sagt að Bashar væri ekki til vandræða. Þess eru dæmi að Bandaríkjamenn hafi komið efnavopnum til bandamanna sinna og eins logið að heimsbyggðinni til að réttlæta innrás, með skelfilegum afleiðingum. Nú segja þeir í Hvíta húsinu að Sýrlendingar ætli að beita efnavopnum „aftur“. Tylliástæðan er komin. Sýrlendingarnir spyrja hins vegar: Ætlar þú að trúa þeim ... aftur?

En hvað segið þið um tylliástæður Sádi-Araba til að loka Al Jazeera? Ég segi nú bara: Hafa þjóðarleiðtogar virkilega engin skáld til að dikta eitthvað betra upp eða erum við orðin svo vitlaus að þess þarf ekki?


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland






Sumar

ÚTSALA

Aðeins í eina viku 3.–8. júlí

20–50%
afsláttur af sloppum, handklæðum, baðmottum og öðrum mjúkvörum

10–25%
afsláttur af sængum, dúnkoddum og rúmfötum

25% afsláttur af lökum, hlífðardýnum og heilsukoddum

20% FRÁBÆR TILBOÐ
afsláttur af Þór heilsudýnum meðan birgðir endast.

Nokkrar stærðir: Verðdæmi: 120x200 cm dýna, íslenskur botn og fætur. Verð áður kr. 149.900.- Verð nú kr. 119.920.-

FRÁBÆRT TILBOÐ á Valhöll heilsudýnu meðan birgðir endast 120x200 cm dýna, íslenskur botn og fætur. Hágæða silkidamask lak fylgir. Verð áður kr. 91.390.- Verð nú kr. 79.900.-

ENN LÆGRA VERÐ á svefnherbergishúsgögnum, svefnsófum, hvíldarstólum og sófum – Mikið úrval





12 mán. VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík


Svefn & heilsa ★★★★★

Fimm stjörnu verslun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum